

Aðskilnaður ríkis og kirkju

Almenn umræða á „stuttri tuttugustu öld“

Síðari grein

Móti aðskilnaði

Í tveimur greinum sem nýverið birtust í þessari ritröð var gerð grein fyrir almennum umræðum um aðskilnað ríkis og þjóðkirkju frá því þær hófust 1878 þar til stjórnarskrárbreytingar voru gerðar 1915.¹ Með þeim var komið til móts við helstu baráttumál þeirra sem einkum höfðu mælt fyrir aðskilnaði á undangengnum árum. Lutu þau annars vegar að þjóðkirkjuskipaninni sjálfri en hins vegar trúfrelsinu og fólust í að auðveldara yrði að breyta ákvæðum stjórnarskrárinnar um þjóðkirkjuna og að ekki mætti skylda utanþjóðkirkjufólk til að greiða persónuleg gjöld til hennar. Í síðasta hefti ritraðarinnar var svo gerð grein fyrir áframhaldi umræðunnar fram til 1994. Það ár samþykkti Alþingi á hátíðarfundi í tilefni af að fimmtíu ár voru liðin frá stofnun lýðveldis hér á landi að ljúka skyldi endurskoðun á mannréttindakafla stjórnarskrárinnar fyrir næstu reglulegu alþingiskosningar.² Var því starfi lokið sumarið 1995.³ Um sama leyti var hafinn undirbúningur að nýrri rammalöggjöf um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar. Hún var samþykkt 1997 og gekk í gildi 1. janúar 1998.⁴ Á þessum tíma tengdist aðskilnaðarumræðan óhjákvæmilega öðrum málefnum með mun nánari hætti en þó hafði verið áður og þá einkum trúfrelsinu og sjálfstæði og sjálfsstjórn (e. *autonomy*) þjóðkirkjunnar. Þar með verða að nýju hvörf í umræðunni sem gera það að verkum að beita verður öðrum efnistöfum við rannsókn hennar en eiga við fram að þeim tíma. Í síðastnefndu greininni var skýrt frá þeim rökum eða sjónarmiðum sem lágu til grundvallar jákvæðri afstöðu til málefnsins, þ.e. að aðskilnaður ríkis og kirkju væri æskilegur ef ekki nauðsynlegur.

¹ Hjalti Hugason, „Aðskilnaður ríkis og kirkju: Upphaf almennrar umræðu 1878–1915 — Fyrri grein“, *Ritröð Guðfræðistofnunar* 47/2018, bls. 44–71, [ojs.hi.is](https://ojs.hi.is/ritrodgudfraedistofnunar/article/view/2887/1632), sótt 28. mars 2019 af <https://ojs.hi.is/ritrodgudfraedistofnunar/article/view/2887/1632>; Hjalti Hugason, „Aðskilnaður ríkis og kirkju: Upphaf almennrar umræðu 1878–1915 — Síðari grein“, *Ritröð Guðfræðistofnunar* 48/2019, bls. 25–60, [ojs.hi.is](https://ojs.hi.is/ritrodgudfraedistofnunar/article/view/2977/1728), sótt 8. október 2019 af <https://ojs.hi.is/ritrodgudfraedistofnunar/article/view/2977/1728>.

² *Alþingistíðindi 1993–1994*, 117. löggjafarþing. B, umræður 5, bls. 9818–8919; *Alþingistíðindi 1993–1994*, 117. löggjafarþing. A, þingskjöl 7, bls. 5222–5223, 5231.

³ Stjórnskipunarlög um breyting á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands [...] nr. 97/1995, *Stjórnartíðindi 1995 A-deild*, bls. 652–655; Stjórnskipunarlög með breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands [...] nr. 100/1995, *Stjórnartíðindi 1995 A-deild*, bls. 658.

⁴ Lög um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, *althingi.is*, sótt 29. apríl 2019 af <https://www.althingi.is/lagas/nuna/1997078.html>. Upphaf lagasmíðinnar er að rekja til samþykktar kirkjuþings 1992 um að fela kirkjuráði að skipa nefnd til að gera úttekt á skipulagi íslensku þjóðkirkjunnar og sambandi hennar við ríkisvaldið og áfangaskýrslu nefndarinnar á kirkjuþingi 1993. *Gerðir Kirkjuþings* 1992, bls. 192–196; *Gerðir Kirkjuþings* 1993, bls. 137–153.

Hér verður farið yfir gagnstæð sjónarmið eða röksemdir sem beitt var á móti aðskilnaði.

Bakgrunnur umræðunnar um aðskilnað ríkis og kirkju er að með stjórnarskránni 1874 voru tvö trúarpólitísk stefnumið eða kerfi, sem ekki er alltaf auðvelt að samræma, fest hér í sessi að danskri fyrirmynd: þjóðkirkja og trúfrelsi. Þegar þessi stefna var mörkuð um miðja nítjándu öld gætti tæpast mikillar spennu milli þessara markmiða. Þjóðkirkjufyrirkomulagið þótti boða mikla tilslökun og frelsi frá því er verið hafði um daga hins trúarlega skilgreinda ríkisvalds (e. *confessional state*). Hugmyndir fólks um trúfrelsi voru auk þess aðrar og takmarkaðri en nú á dögum.⁵ Fljótt tók þó að hrikta í þessu kerfi er skiptar skoðanir ruddu sér til rúms um hvort mögulegt væri að tryggja kirkjunni nauðsynlegt sjálfstæði og sjálfræði (e. *autonomy*) innan þjóðkirkjuskipulagsins eins og það þróaðist hér, sem og hvort stjórnarskráin, sem setti þjóðkirkjuskipanina skör hærra en trúfrelsið, rúmaði trúfrelsi í raun eða hvort aðeins væri um „pappírsfrelsi“ að ræða án aðskilnaðar.⁶

Snemma í aðskilnaðarumræðunni komu fram tvær stefnur varðandi það hvernig þróa bæri áfram trúarpólitísku stefnumiðin tvö og hafa þær verið nefndar aðskilnaðarleið og löggjafarleið. Fylgjendur aðskilnaðarleiðarinnar litu svo á að þjóðkirkjan mundi tæpast rísa undir nafni nema hún væri sjálfstæð gagnvart ríkisvaldinu og því síður yrði trúfrelsi komið á meðan þjóðkirkjufyrirkomulag væri í landinu þar sem það fæli óhjákvæmilega í sér neikvæða mismunun í garð annarra trúfélaga. Almenn mannréttindasjónarmið vógu þungt í málflutningi aðskilnaðarsinna en þeir litu almennt svo á að trúmál væru einkamál fólks sem ríkið ætti ekki að hafa afskipti af. Þá lögðu þeir áherslu á ólík hlutverk ríkis og kirkju og álitu að ríkið þyrfti að vera trúarlega óháð og hlutlaust og kirkjan sjálfstæð til að þessar tvær stofnanir gætu rækt hlutverk sín hvor um sig. Þeir sem fylgdu löggjafarleiðinni að málum gengu aftur á móti út frá að hlutverk ríkis og kirkju yrðu ekki að öllu leyti sundur skilin þar sem báðar stofnanirnar stefndu að velferð þegnanna. Af þeim sökum töldu þeir best fara á því að þær væru tengdar og styddu hvor aðra. Afstaða þeirra mótaðist einkum af sjónarmiðum sem líta má á sem trúarleg og/eða guðfræðileg. Þeir töldu að þróa mætti þjóðkirkjuna og trúfrelsið, sem og koma á heppilegu jafnvægi milli þeirra, með ýmsum sérlægum um kirkjumál, auk laga um utanþjóðkirkjufólk.

Löggjafarleiðin festist hér í sessi með störfum millipinganefndar um kirkjumál og í kjölfarið endurskoðun á lögum á umræddum sviðum á fyrsta áratug tuttugustu aldar. Hefur henni verið fylgt allt til þessa dags.⁷ Til að koma þó til móts við sjónarmið þeirra sem fylgdu aðskilnaðarleiðinni voru gerðar þær stjórnarskrárbreytingar 1915 að þjóðkirkjávæðinu mátti breyta án eiginlegrar stjórnarskrárbreytingar, þ.e.

⁵ Á nítjándu öld snerist trúfrelsi við dansk og íslenskar aðstæður einkum um að tryggja trúfélögum utan evangelísk-lúthersku kirkjudeildarinnar féлага-, boðunar- og guðsþjónustufrelsi. Nú snýst það aftur á móti í ríkari mæli um að tryggja einstaklingum óskorað trúfrelsi þar á meðal frelsi til að skipta um trú, standa utan allra trúfélaga og vera frjálsl undan öllum trúarlegum kvöðum og áreitum.

⁶ Hjalti Hugason, „Aðskilnaður ríkis og kirkju: Upphaf almennrar umræðu 1878–1915 — Fyrri grein“, bls. 55.

⁷ Sama heimild, bls. 63–70. Löggjafarleiðin var áfram lögð til grundvallar við setningu núgildandi þjóðkirkjulaga (nr. 78/1997) eins og fram kemur í athugasemdum við frumvarpið en þar segir að við samningu þess hafi verið haft að leiðarljósi að byggt yrði til frambúðar á „núverandi þjóðkirkjufyrirkomulagi“ og eigi rofið það samband milli ríkis og kirkju sem stjórnarskráin kveður á um. Aftur á móti var stefnt að auknu sjálfstæði kirkjunnar. Frumvarp til laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar: Athugasemdir við lagafrumvarp þetta, *althingi.is*, sótt 29. apríl 2019 af <https://www.althingi.is/altext/121/s/0557.html>.

með lögum og til að byrja með án þjóðaratkvæðagreiðslu.⁸ Átti það að auðvelda róttækari breytingar á ákvæðinu síðar. Jafnframt var viðamikil breyting gerð á þeirri grein stjórnarskrárinnar sem ætlað var að koma í veg fyrir mismunun af trúarlegum ástæðum (upprunal. 47. gr., núv. 64. gr.) en með þessari breytingu var í fyrsta sinn kveðið á um það í íslenskrri löggjöf að heimilt væri að standa utan allra trúfélaga þótt með óbeinum hætti væri. Jafnframt var öllu utanþjóðkirkjufólki tryggt gjaldfrelsi gagnvart henni. Ekki skyldi það þó hafa fjárhagslegan ávinning af því að nýta nýfengið frelsi sitt til að hafna allri trúfélagaaðild.⁹

Mikil straumhvörf urðu í aðskilnaðarumræðunni með stjórnarskrárbreytingunni árið 1915. Mikinn kraft dró úr henni. Hún eða einstakir þræðir hennar spunnust ekki lengur í meiri eða minni samfellu í ýmsum miðlum heldur skaut henni oftast upp í einstökum greinum eða fréttum og var hún því ekki eins markviss og áður. Þessi breyting á umræðunni bendir til að með stjórnarskrárbreytingunum hafi til að byrja með verið komið nægilega til móts við sjónarmið þeirra sem aðhylltust aðskilnaðarleiddina eins og þau voru á öðrum áratug tuttugustu aldar. Aðskilnaðarmálinu var þó ekki rutt úr vegi með breytingunum.

Í þessari grein, líkt og í hinum fyrri, verður grafið fyrir um hvaða stefnumál birtust í umræðunni, hvaða rökum var beitt fyrir aðskilnaði eða á móti honum og eftir því sem tók eru á hvaða einstök málefni menn töldu að hafa þyrfti í huga við framkvæmd aðskilnaðar. Hér er því einkum um kirkju- og hugmyndasögulega greiningu að ræða.

Við heimildaöflun er að mestu leyti byggt á vefnum timarit.is en þar er að finna langflest þau blöð og tímarit sem gefin voru út á tímabilinu og fengu verulega dreifingu. Beitt var ýmsum leitarorðum þar sem „aðskilnaður“ í öllum beygingarmyndum var í brennipunkti. Fjallað er um langflesta staðina sem upp komu. Örfáir voru þó sniðgengnir þar sem þeir tengdust aðskilnaðarumræðunni aðeins óbeint eða höfðu að mati höfundar ekki að geyma neitt efnislegt inntak sem að henni laut. Ein af afleiðingum þessarar aðferðar er að í greininni er jöfnum höndum unnið með höfundargreint efni og nafnlaust, ítarlegar greinar og stutt lesendabréf. Þá er ljóst að efnið sem hér er byggt á hefur hlotið mismikla dreifingu og lestur eftir því hvort það birtist í landsmálablaði sem hafði áhrif á landsvísu eða tímariti sem barst aðeins fáum áskrifendum. Þá hafa skrif þjóðþekktara manna væntanlega vakið meiri athygli en ónafngreind skrif eða greinar eftir minna þekktu höfunda. Þetta kemur þó ekki að sök þar sem markmið rannsóknarinnar felst ekki í að mæla áhrif einstakra greina eða fylgi fólks við mismunandi sjónarmið eða röksemdafærslu með eða móti aðskilnaði heldur að grafast fyrir um breidd umræðunnar og þær fjölbreyttu skoðanir sem þar voru reifaðar.

Eins og fram kemur í greininni er aðskilnaður ríkis og kirkju viðfangsefni og/eða deilumál sem enn er óútkljáð þótt umræðan um það hafi nú staðið í upp undir 150 ár. Höfundur þessarar greinar hefur þráfallega tjáð sig í ræðu og riti um málefnið og þá einkum um nauðsynlegan viðbúnað — ekki síst þjóðkirkjunnar — undir

⁸ Stjórnarskrá um hin sjerstaklegu málefni Íslands uppfærð með öllum breytingum til og með 1915, *stjornarradid.is*, sótt 29. mars 2019 af https://www.stjornarradid.is/media/forsaetisraduneyti-media/media/stjornarskra/1915_svo_breytt.pdf.

⁹ Hjalti Hugason, „Þjóðkirkja og trúfrelsi: Saga og þróun trúmálabálks stjórnarskrárinnar 1874–1995“, *Gliman* 2011, bls. 157–193, hér 170–176. Hjalti Hugason, „Þjóðkirkja og trúfrelsi: Inntak og merking trúmálabálks stjórnarskrárinnar ásamt breytingatillögum“, *Ritið* 2/2011, bls. 151–181, hér 166–174.

breytingar á núverandi tengslum ríkis og kirkju hugsanlega í náninni framtíð. Þar hefur almennt verið gengið út frá þeirri sannfæringu að núverandi þjóðkirkju-fyrirkomulag sé sögulega háð fyrirbæri sem hljóti að taka breytingum og þá í átt til æ veikari tengsla ríkis og kirkju. Á hinn bóginn hefur þar ekki verið tjáð afstaða í þá veru að unnið skuli að aðskilnaði í náninni framtíð né heldur spornað við honum. Afstöðu af þessu tagi má kenna við sögulega afstæðishyggju og kann hún að setja mark sitt á þau viðhorf sem fram koma í rannsókninni.

Eftir því sem rannsókninni hefur undið fram hefur komið í ljós að kirkju-skilningur þeirra sem þátt tóku í umræðunni var með ýmsu mót. Sumir litu á kirkjuna sem trúfélag, aðrir sem (ríkis-)stofnun og enn aðrir „þjóðstofnun“, þ.e. menningar- og samfélagsstofnun sem verið hafi samofin þjóðlífinu um aldir. Hugmyndir þeirra voru þó í fæstum tilvikum svo guðfræðilega útfærðar að það kalli á sérstaka umræðu um þjóðkirkjuhugtakið eða kirkjuguðfræði (e. *ecclesiology*) almennt. Slík umfjöllun er á hinn bóginn mikilvæg í allri fræðilegri umræðu um aðskilnað ríkis og kirkju sem slíkan. Hann er þó ekki til umfjöllunar hér heldur aðeins sú orðræða sem átt sér stað um hann á rannsóknartímanum.

Í greininni er á stökum stað vikið að mannfjölda í þjóðkirkjunni sem hlutfalli af landsmönnum. Hér skal þess aðeins getið að um aldamótin 1900 tilheyrðu rúmlega 99 af hundraði þjóðkirkjunni. Árið 1930 var sú tala komin niður í tæplega 91 af hundraði. Árið 1985 var hún rúm 93 af hundraði en aftur rúmlega 91 af hundraði við lok tímabilsins.¹⁰ Tölur sem hafðar eru eftir einstökum þátttakendum í aðskilnaðarumræðunni verða ekki sannreyndar umfram þetta né heldur byggt á þeim þótt þær séu nefndar samhengis vegna.

Í fyrri greininni í þessum tveggja greina flokki var fjallað um sjónarmið sem fram komu með aðskilnaði. Hér verður aftur á móti fjallað um sjónarmiðin sem færð voru gegn honum. Frá þessari meginskiptingu verður þó vikið í einstökum tilvikum, t.d. þegar betur þykir fara á að taka upp andstæð sjónarmið samtímis og er það einkum gert vegna samhengis. Efnistökin verða þannig þematísk frekar en krónólógísk. Á „stuttu tuttugustu öldinni“ mæltu ýmsir gegn aðskilnaði ríkis og kirkju þótt slíkur málflutningur væri eigi að síður sjaldgæfari en hinn gagnstæði. Þá voru þau rök sem færð voru fram fyrir þessari afstöðu fáskrúðugri en rökin sem þóttu mæla með aðskilnaði. Má þar einkum benda á þá röksemd að þjóðkirkjunni mundi veitast erfiðara að rækja hlutverk sitt meðal þjóðarinnar ef til aðskilnaðar kæmi. Þó gætti þeirra blæbrigða að þessi afstaða var bæði tjáð út frá sjónarhóli kirkjunnar sjálfar en einnig út frá félags- og menningarlegum sjónarmiðum.

Einu sinni á tímabilinu sem hér er til umfjöllunar kom aðskilnaðarmálið formlega til kasta Alþingis þegar 1919 var borin fram þingsályktunartillaga um að þingið skoraði á landstjórnina að hefja undirbúning að aðskilnaði. Þar sem tillagan var felld var afstaða meirihluta Alþingis til aðskilnaðar augljóslega neikvæð. Því er fjallað um hana í þessari síðari grein. Eftir umfjöllun um umræður um aðskilnað á Alþingi verður að nýju vikið að hinni almennu umræðu. Þar verður þó einnig vikið að

¹⁰ *Tölfræðihandbók 1984*, Hagskýrslur Íslands II, 82, 1984, bls. 29. *Landshagir 1996*, Hagskýrslur Íslands III, 39, 1996, bls. 41.

afstöðu biskupanna Sigurbjörns Einarssonar (1911–2008) og Péturs Sigurgeirssonar (1919–2010) til málsins eins og hún kemur fram í hirðisbréfum þeirra. Þeir tóku raunar einnig þátt í hinni almennu umræðu, eins og vikið verður að.

Aðskilnaðarmálið á Alþingi 1919

Haustið 1919 var flutt þingsályktunartillaga í neðri deild Alþingis um að deildin skoraði á landstjórnina að undirbúa og leggja fyrir Alþingi frumvarp til laga um skilnað ríkis og kirkju. Ellefu þingmenn af alls 26 í deildinni stóðu að tillögunni en þeir voru Benedikt Sveinsson (1877–1954), Gísli Sveinsson (1880–1959), Jón Jónsson á Hvanná (1871–1960), Magnús Pétursson (1881–1959), Pétur Ottesen (1888–1968) og Pétur Þórðarson (1864–1945) úr Sjálfstæðisflokki sem var margklofinn á þessum tíma; Björn R. Stefánsson (1880–1936), Einar Jónsson (1868–1932), Matthías Ólafsson (1857–1942) og Þórarinn Jónsson (1870–1944) úr Heimastjórnarflokki og loks Jörundur Brynjólfsson (1884–1979) úr Alþýðuflokki.¹¹ Svipuð tillaga hafði verið samþykkt tíu árum áður en þá sinnti stjórnin henni ekki, a.m.k. meðfram vegna þess að ekkert fé hafði verið ætlað til þeirrar vinnu sem leggja varð í undirbúning áður en málið fengi þinglega meðferð.¹² Að sögn framsögumanns, Gísla Sveinssonar, var markmið tillögunnar ekki að leiða aðskilnaðarmálið til skjótra lykta heldur að gefa þjóðinni kost á að taka afstöðu í málinu.¹³ Sérstök nefnd var skipuð til að fjalla um málið á vegum deildarinnar. Í henni sátu tillögumennirnir Björn R. Stefánsson, Gísli Sveinsson (ritari og framsögum.), Pétur Ottesen og Þórarinn Jónsson (form.), auk Þorsteins M. Jónssonar (1885–1976) Sjálfstæðisflokki, sem skilaði séráliti. Meirihlutinn skilaði viðamikilli skýrslu sem hófst með útlistun á eðli trúarinnar sem átti að sýna fram á að trúmál væru einkamál er lægi utan þess sviðs sem ríkisvaldinu bæri að hafa afskipti af.¹⁴

Insta rót alls átrúnaðar er sumpart trúarkend sú, er mönnum virðist ásköpuð, sumpart vitundin um eigin vanmátt í baráttu lífsins. Þetta má og nefna trúarþörf. Þeim, sem trúa, er trúin vissa og trúarhugmyndirnar sannleikur, þótt eigi sje um raunverulega þekking eða sannaðar staðreyndir að ræða. Það gefur því að skilja, að *tilfinning* ræður hjer mestu, en tilfinningar eru framar öllu öðru skapaðar til að vera *einkamál* manna. Einkamál krefjast frelsis, þau eru vje einstaklinganna, sem ríkisvald má ekki blanda sjer í eða leggja hömlur á, nema til skaðsemdar horfi þjóðfélaginu eða öðrum einstaklingum þess. [...] Þegar eðli trúarbragðanna krefst þess, að með þau sje farið sem einkamál, verður *bert*, að *ríki og kirkja hafa ekki neitt beinlínis saman að selda*.¹⁵

Hér var gengið út frá viðhorfi sem gætt hefur allan tímann sem aðskilnaðarumræðan hefur staðið bæði hér á landi og erlendis, t.d. í Frakklandi, þ.e. að einstaklingum beri að njóta óskoraðs frelsis í trúarefnum nema því aðeins að gott siðferði eða allsherjarregla í samfélaginu krefjist annars. Vegna þeirra mótbára, sem oft var haldið fram, að ríkinu ríði á að eiga kirkjuna að til að halda uppi siðferði í samfélaginu og að þessar stofnanir gegndu því að nokkru sameiginlegu hlutverki undirstrikaði nefndin að þær siðgæðishugmyndir sem flest „fullkomnari trúarbrögð“

¹¹ *Alþingistíðindi* AI 1919, bls. 561. Heimastjórnarflokkurinn var stærstur á þingi með 15 menn. Sjálfstæðisflokkurinn var með 14 þingmenn en að vísu margklofinn í sambandsmálinu. Alþýðuflokkurinn átti aðeins einn þingmann.

¹² *Alþingistíðindi* AII 1919, bls. 1082; „Hvaðanæfa“, *Bjarmi* 17–18/1919, bls. 143–144, hér 144.

¹³ *Alþingistíðindi* C 1919, d. 632.

¹⁴ Gísli Sveinsson hefur að líkindum samið álitid og hinir í meirihlutanum gert það að sínu. *Alþingistíðindi* 1919 C, d. 594, 625.

¹⁵ *Alþingistíðindi* AII 1919, bls. 1080.

hefðu fléttað inn í kenningar sínar væru nú „[...] að mestu innrættar orðnar í lögum og borgaralegri skipan allra menningarþjóða, [...]“.¹⁶ Því væri engin knýjandi þörf á að ríkisvaldið fyrirskipaði fólki að hafa einhver sérstök trúarbrögð.¹⁷ Nokkuð hafði einmitt borið á því fyrir hvörfin sem urðu í aðskilnaðarumræðunni 1915 að þetta siðferðislega hlutverk trúarbragðanna væri notað til að mæla með áframhaldandi tengslum ríkis og þjóðkirkju.¹⁸

Meirihluti nefndarinnar áleit að 46. og 47. gr. (núv. 63. og 64. gr.) stjórnarskrárinnar áskildu þegnumum fullt trúfrelsi með þeim takmörkunum einum sem hvert „vel skipað þjóðfjelag“ yrði að setja hvað trúarkenningar áhræðdi. Um 45. gr. (núv. 62. gr.), þ.e. þjóðkirkjuákvæðið, gegndi öðru máli en um það sagði nefndin:

[...] en 45. gr. raskar frjálsræðinu svo stórkostlega, að meginreglan fer forgörðum. Á meðan einni kirkju [...], eða yfirleitt nokkurri kirkjudeild er haldið uppi af ríkinu — og þar með allir landsmenn skyldaðir til þess að bera hana — er ekki um trúarbragðafrelsi að ræða í rjettum skilningi.¹⁹

Meirihlutinn taldi því að trúarbragðaréttarlegu stefnumiðin tvö sem stjórnarskráin 1874 festi í sessi, þjóðkirkja og trúfrelsi, væru ósamrýmanleg. Einnig er ljóst að frelsi fólks er stóð utan trúfélaga frá persónulegum gjöldum til þjóðkirkjunnar frá 1915 fullnægði ekki lengur þeim kröfum sem flutningsmönnum tillögunnar þótti nú edlilegt að gera um algert gjaldfrelsi þess á sviði trúmála.²⁰ Samkvæmt því sjónarmiði var ekki talið rétt að verja almennu skattfé að neinu leyti til styrktar trúariðkun eða a.m.k. ekki til að efla eina kirkjudeild eða trúartúlkun umfram aðrar.

Að mati meirihlutans sýndu þessi rök almenna þörf á aðskilnaði hvarvetna þar sem tengsl væru enn til staðar milli ríkisvalds og átrúnaðar. Hann benti einnig á að hér á landi væru auk þess tvær sérstakar og brýnar ástæður fyrir aðskilnaði eins og sakir stæðu. Var önnur sú að frjálslynda guðfræðin sem umborin væri í þjóðkirkjunni, þrátt fyrir að kirkjan væri játningarbundin, ylli því að í það minnsta fylgjendur hefðbundinnar trúartúlkunar, ef ekki allir sem létu sig málið varða, væru fylgjandi aðskilnaði (sjá og fyrri grein). Hin var algerlega veraldlegs edlis. Fólst hún í að landstjórnin hafði lagt fram frumvarp um laun embættismanna er hafa mundi gífurlegan kostnaðarauka í för með sér á sviði kirkjumála vegna þess að óhjákvæmilegt væri að hækka laun prestastéttarinnar til samræmis við aðra embættismenn meðan óbreytt tengsl ríkis og þjóðkirkju héldust. Taldi meirihlutinn að móta þyrfti stefnu í því efni áður en launabreytingin næði fram að ganga. Hann óttaðist ekki að trúarleg hnignun yrði í kjölfar aðskilnaðar. Þvert á móti hallaðist hann að því að kirkjan yrði fólki mun nákomnari og því ólíklegt að trúaráhugi mundi dofna. Þá áleit hann að „[r]ingulreið á trúarbrögðum“ sem margir andstæðingar aðskilnaðar óttuðust gæti allt eins gert vart við sig í þjóðkirkju eins og í „allsherjarfríkirkju“ sem komið yrði á við aðskilnað.²¹ Sýnir orðalagið að meirihlutinn ætlaðist til að svokölluð lagaleið væri viðhöfð við aðskilnaðinn, þ.e. að tengsl ríkis og kirkju yrðu rofin með löggjöf og ein samfelld fríkirkja er næði til landsins alls tæki við af þjóðkirkjunni en ekki aðeins frjálsir og óháðir söfnuðir eins og safnaðaaðferðin gerði ráð fyrir. Hún fólst aftur á móti í að einstökum söfnuðum þjóðkirkjunnar yrði eftirlátið

¹⁶ Sama rit, s.st.

¹⁷ Sama rit, s.st.

¹⁸ Sjá Hjalti Hugason, „Aðskilnaður ríkis og kirkju: Upphaf almennrar umræðu 1878–1915 — Fyrri grein“, bls. 57–58.

¹⁹ *Alþingistíðindi* AII 1919, bls. 1080.

²⁰ Sama rit, bls. 1082.

²¹ Sama rit, s.st.

að kljúfa sig frá henni uns aðeins þriðjungur væri eftir. Þá skyldu þeir einnig skyldir til að standa á eigin fótum.²²

Fram til 1920 var, eins og vikið var að, heimilt að breyta þjóðkirkjuákvæði stjórnarskrárinnar með einföldum lögum án þjóðaratkvæðagreiðslu. Meirihluti þingnefndarinnar lagði þó til að aðskilnaður yrði undirbúinn með þeim hætti að fyrst léti stjórnin greiða atkvæði um aðskilnaðinn á almennum safnaðarfundum um land allt. Reyndist meirihluti fyrir aðskilnaði, ætti stjórnin að undirbúa frumvarp eða frumvörp þar að lútandi. Áður en þau kæmu til kasta þingsins átti síðan að leita álits héraðsfunda, biskups og guðfræðideildar Háskólans. Hlyti frumvarpið að því loknu brautargengi á Alþingi skyldi eigi að síður bera það undir þjóðaratkvæði áður en staðfestingar konungs yrði leitað. Til að gera það mögulegt báru nefndarmenn, eftir ábendingu frá Sigurði Stefánssyni í Vigur (1854–1924), fram breytingartillögu við 76. gr. frumvarps til stjórnarskrár konungsríkisins Íslands en hún öðlaðist gildi vorið eftir. Var breytingin á þá leið að ef þjóðkirkjuákvæði stjórnarskrárinnar yrði breytt með lögum samkvæmt heimild sem þar var að finna (í þáv. 58. gr.) skyldi sú lagabreyting borin undir leynilega atkvæðagreiðslu meðal allra kosningabærra manna í landinu til samþykktar eða synjunar eins og gera þurfti við breytingar á sambandslögum Íslands og Danmerkur.²³ Nefndin lagði því til vandaðri undirbúning en þágildandi stjórnarskrá gerði ráð fyrir.

Eftir aðskilnað, þ.e. við niðurfellingu þjóðkirkjuákvæðisins, taldi nefndin að komið væri á fullt trúfrelsi og trúarlegur jöfnuður meðal landsmanna. Leit hún svo á að í kjölfarið tæki „allsherjarfríkirkja“ við í landinu.²⁴ Skyldi þjóðinni svo eftirlátið að koma á hana frekari skipan:

Þjóðin skipar sjer í söfnuði á þann hátt, er henni þykir henta, þeir [svo] ráða sjer presta eða forstöðumenn, og fer alt slíkt eftir samningum. Stjórn safnaðarmálanna, verður með því skipulagi, er best þykir eiga við.²⁵

Eftir aðskilnað átti hver söfnuður að áliti nefndarinnar að launa prest sinn og fjármagna allan rekstur á kirkjuhúsi og safnaðarstarfi. Ríkið átti á hinn bóginn að greiða þeim prestum biðlaun og jafnvel eftirlaun sem kynnu að verða án starfs eftir aðskilnað. Biskupsembættið átti að leggja niður „sem ríkisstofnun“ en prestsmenntun átti áfram að veita við guðfræðideild Háskólans. Hún átti þó að verða „[...] trúarjátningarlaus, söguleg, heimspekileg og að nokkru leyti rjetarleg.“²⁶ Kirkjulegu athafnirnar skír og ferming yrðu alfarið á vegum trúfélaganna sjálfra. Jarðarfarir áttu hvort heldur sem væri að geta farið fram kirkjulega eða borgaralega líkt og hjónavígslur. Til að prestar yrðu löggiltir vígslumenn þurftu þeir þó að hljóta viðurkenningu ríkisvaldsins og var slík leyfisveiting háð því að presturinn hefði „[...] lokið prófi í trúarbragðafræði við háskólann, eða á annan hátt öðlast þá mentun, er að dómi landsstjórnar jafngildi því.“²⁷ Að þessu leyti þurfti því áfram að kveða skýrt á um fullt embættisgengi presta í lögum þótt söfnuðir væru að öðru leyti frjálsir að ráðningu

²² Hjalti Hugason, „Aðskilnaður ríkis og kirkju: Upphaf almennrar umræðu 1878–1915 — Fyrri grein“, bls. 53.

²³ *Alþingistíðindi* AI 1919, bls. 778; *Alþingistíðindi* AII 1919, bls. 1083, bls. 1178; *Alþingistíðindi* C 1919, d. 585. Stjórnarskrá konungsríkisins Íslands nr. 9/1920, *stjornarradid.is*, sótt 3. maí 2019 af https://www.stjornarradid.is/media/forsaetisraduneyti-media/media/stjornarskra/1920_stjornarskra.pdf; *Alþingistíðindi* C 1919, d. 603.

²⁴ *Alþingistíðindi* AII 1919, bls. 1083.

²⁵ Sama rit, s.st.

²⁶ Sama rit, bls. 1083–1084.

²⁷ Sama rit, bls. 1084.

þeirra og þeim skilyrðum sem þeir þá settu. Skýrslugerð er prestar höfðu annast til þessa mátti skylda þá forstöðumenn safnaða að framkvæma er hlotið hefðu staðfestingu sem vígslumenn en hreppstjórum þar sem þeim væri ekki til að dreifa. Engin trúarbragðakennsla skyldi vera skyldugrein hvorki í barnaskólum né æðri skólum nema að því leyti sem hún væri hluti af mannkynssögu eða Íslandssögu. Í staðinn átti að koma „borgaraleg siðfræði“ a.m.k. í æðri skólum.²⁸ Þrátt fyrir niðurfellingu þjóðkirkjuákvæðisins er ljóst að nefndin reiknaði með að áfram væru nokkur tengsl milli ríkisvaldsins og evangelísk-lúthersku „allsherjarfríkirkjunnar“ og þá einkum varðandi viðurkenningu á forstöðumönnum safnaða með full réttindi og þau störf þeirra sem hefðu lagalegar afleiðingar í för með sér. Algerlega frjáls yrði kirkjan því ekki. Á móti kemur að hliðstæð tengsl gátu tekist milli ríkisins og trúfélaga á öðrum grundvelli en hinum lútherska að því tilskildu að forsöðumenn þeirra fullnægðu kröfum um embættisgengi.

Hvað fjárhagslegan aðskilnað ríkis og kirkju áhrærði aðhylltist nefndin eða meirihluti hennar viðhorf sem áður hafði komið fram og fólst í að við siðaskipti hefði ríkið orðið réttur eigandi að öllum kirknaeignum þótt það hafi „léd“ þjóðkirkjunni þær til afnota eða sjálft notað þær að meira eða minna leyti í hennar þarfir. Eina undantekningin frá þessu voru eignir sem mögulegt væri að sýna beinlínis fram á að hefðu verið gefnar „[...] lútersku kirkjunni sem nú er þjóðkirkja.“²⁹ Þrátt fyrir þetta taldi nefndin að söfnuðirnir ættu ekki að fara snauðir út úr sambandinu við ríkið heldur ættu þeir eða nýja fríkirkjan sem tæki við af þjóðkirkjunni að fá nokkuð af hinum fornu kirknaeignum í sinn hlut.³⁰ Rökstuðningur nefndarinnar er athyglisverður og byggðist einkum á hefðarrökum:

Ber þá fyrst að taka fram, að ríkið er að þessu leyti ekki vandabundið nokkru öðru trúarfelagi en hinni evangelísku lútersku (þjóð)kirkju eða söfnuðum hennar (þar með taldir þeir evangelísku lútersku fríkirkjusöfnuðir, er myndast hafa út úr þjóðkirkjunni). Þá kirkju hefir það styrkt, sú kirkja hefir notið af eignunum, en aðrar ekki. Engin önnur trúarfelög gætu nú haft nokkurn snefil af rjettmætum kröfum til úthlutunar af kirkjueignum hjer á landi.³¹

Athyglisvert er að hér leit meirihluti nefndarinnar ekki svo á að þeir er höfðu notfært sér þann rétt sinn að kljúfa sig frá þjóðkirkjunni og stofnað lútherska fríkirkjusöfnuði hefðu þar með afsalað sér hlutdeild í fornum kirknaeignum til að hljóta önnur gæði sem þeir mátu meira, þ.e. frelsi undan ríkisafskiptum af trúariðkun sinni og þá einkum við val á presti. Meirihlutinn leit aftur á móti svo á að þeir sem hefðu notfært sér þennan sama rétt en gengið í trúfélag utan hinnar lúthersku trúarhefðar hefðu afsalað sér hlutdeild í eignunum. Vart verður framhjá því litið að þessi túlkun hefur haft augljósa mismunun í för með sér eins og þingmaðurinn Sveinn Ólafsson (1863–1949) er sat þingið fyrir Óháða bændur sem síðar runnu inn í Framsóknarflokkinn benti á.³² Þá hélt meirihlutinn fram þeirri viðbótarröksemd að þar sem flestir landsmenn sem á annað borð vildu taka þátt í kirkjustarfi mundu áfram skipa sér í lútherska söfnuði væri styrkur til slíkra safnaða að nokkru leyti styrkur „[...] til flestra landsmanna, [...]“³³ Úr því að hann leit á það sem eftirsóknarvert markmið

²⁸ Sama rit, s.st.

²⁹ Sama rit, s.st. Hjalti Hugason, „Aðskilnaður ríkis og kirkju: Upphaf almennrar umræðu 1878–1915 — Síðari grein“, bls. 44.

³⁰ *Alþingistíðindi* AII 1919, bls. 1085.

³¹ Sama rit, bls. 1084–1085.

³² Sjá *Alþingistíðindi* C 1919, d. 618–619.

³³ *Alþingistíðindi* AII 1919, bls. 1085.

er áhorfsmál hvers vegna hann freistaði þess ekki að búa svo um hnúta að allir landsmenn, óháð trúarskoðunum, nytu styrkjar af þessu tagi.

Meirihlutinn í nefndinni vildi að kirkjuhúsin yrðu afhent viðkomandi söfnuði endurgjaldslaust til eignar og umráða. Þá skyldi afhenda sérhverjum söfnuði eða kirkju nokkurt fé í eitt skipti fyrir öll er væri „[...] ákveðinn hluti (verðs) þeirra kirkjueigna, sem reikna má með að komið hafi því prestakalli eða þeim prestaköllum til góða fyrir skilnaðinn.“³⁴ Eftir þessa afhendingu skyldi ríkið laust allra mála við söfnuðina, sem og vegna hugsanlegra deilna þeirra í milli um fjármál. M.a. þess vegna skyldi í engum tilvikum reiða þennan heimanmund fram í jarðeignum þar sem slíkt gæti leitt til deilna og brasks, auk þess sem ríkið gæti þurft á jörðunum, ekki síst prestsetursjörðum, að halda til annarra nota.³⁵

Eins og gefur að skilja vakti tillaga þessi athygli utan þings og var m.a. fjallað um hana í kristniboðsblaðinu *Bjarma* en á fyrri stigum þessarar rannsóknar hefur komið fram að ritstjórn þess var löngum fylgjandi aðskilnaði. Lét hún nú í ljós þá afstöðu að hollt gæti verið að trúmál kæmust þannig á dagskrá og gott að aðskilnaðarmálið yrði leitt til lykta áður en fulltrúar „nýguðfræði og andatrúar“ yrðu fjölmennari í þjóðkirkjunni en þegar væri orðið. Óttaðist blaðið að ef ekki kæmi til aðskilnaðar í náninni framtíð yrði þjóðkirkjan áfram stefnulaus, í skjóli hennar yrðu boðaðar ólútherskar kenningar og svo kynni að fara að hún yrði af ýmsum talin betur til þess fallin, eins og komið væri, „[...] að svæfa allan trúaráhuga en fríkirkja mundi verða.“³⁶ Þá taldi blaðið líklegra að skilnaðarkjörin sem kirkjunni byðust myndu fremur rýrna en batna með tímanum. Yrði aðskilnaður innan skamms áleit blaðið aftur á móti líklegt að unnt væri að tryggja prestum fimm ára biðlaun úr landssjóði og að kirknaeignir gengju til lútherskrar fríkirkju sem tæki við af þjóðkirkjunni.³⁷ Lýsti ritstjóri blaðsins yfir fullum stuðningi við aðskilnað sem hann taldi að myndi verða kristninni til eflingar þegar einstaklingar yrðu að axla fulla ábyrgð á kirkjumálum sínum en gætu ekki látið presta eina um að sinna þeim og biðla stöðugt til ríkisvaldsins um umbætur á því sem breyta þyrfti. Enn sem fyrr var viðgangur nýrra frjálslyndra stefna í kirkjunni ritstjóra blaðsins ofarlega í huga.³⁸

Þingsályktunartillagan var samþykkt í neðri deild með tveggja atkvæða meirihluta með þeirri breytingu þó að henni yrði vísað til efri deildar og yrði hún þannig áskorun þingsins alls til stjórnarinnar um að hefja undirbúning málsins. Nafnakall fór fram og því mögulegt að greina að þingmenn greiddu ekki atkvæði eftir flokkslínunum.³⁹ Sigurður Stefánsson í Vigur úr Sjálfstæðisflokki beitti sér fyrir þessari afdrifaríku breytingu með fulltingi Jóns Magnússonar (1859–1926) forsætisráðherra úr Heimastjórnarflokki og var hún samþykkt með miklum meirihluta.⁴⁰

Þegar til kastanna kom var þingsályktunartillagan felld í efri deild með rúmum helmingi atkvæða. Þar var nafnakalli ekki beitt og því ekki mögulegt að greina hvort

³⁴ Sama rit, s.st.

³⁵ Sama rit, s.st. Nánar um álit nefndarinnar sjá *Alþingistíðindi* C 1919, d. 568–578, 585–588, 589–593.

³⁶ „Hvaðanæfa“, bls. 144.

³⁷ Sama rit, s.st.

³⁸ „Aðalatriði“, *Bjarmi* 20–21/1919, bls. 153–154. Sjá og Sigurbjörn Á. Gíslason, „Hvert sem lítið er“, *Bjarmi* 1–2/1920, bls. 1–4, hér 4.

³⁹ *Alþingistíðindi* C 1919, d. 639–640.

⁴⁰ *Alþingistíðindi* AII 1919, bls. 1178; *Alþingistíðindi* C 1919, d. 603.

flokkaskipting hafði áhrif á afstöðu manna þar.⁴¹ Málflutningur Þorsteins M. Jónssonar í neðri deild og í efri deild Kristins Daníelssonar (1861–1953) úr Sjálfstæðisflokki, þáverandi fulltrúa í endurskoðunardeild Landsbankans en áður prófasts í Kjalarnesprófastsdæmi, varð einkum til að tillagan náði ekki fram að ganga. Verður því vikið að afstöðu þeirra sérstaklega.

Þorsteinn M. Jónsson skilaði eins og fram er komið séráliti í nefndinni sem fjallaði um málið í neðri deild. Hann lét þar í ljós það mat að áhugi fyrir aðskilnaði hefði minnkað mikið á síðari árum og vísaði þar einkum til þess að málið hefði varla komið fyrir á þingmálafundum, öfugt við það sem verið hafði fyrir 1915. Því taldi hann ekki rétt að krefjast þess af stjórninni að hún færi að vasast í málinu að sinni.⁴² Ástæðurnar fyrir þverrandi áhuga fyrir aðskilnaði áleit hann svo vera að reynslan af fríkirkjusöfnuðum í landinu hefði verið dapurleg, auk þess sem fólk hefði öðlast aukinn skilning á að erlendis hefði fríkirkjufyrirkomulag ýmsa agnúa í för með sér. Þá taldi hann aukið frjálshynda innan kirkjunnar og ekki síður guðfræðideildar Háskólans hafa valdið því að nýtt líf virtist vera að færast í kirkjuna.⁴³ Um aðskilnaðarmálið sagði hann almennt:

Þjóðkirkjan íslenska er nú búin að standa í nær því 5 aldir. Á þessum tíma hefir hún verið aðalmenningarstofnun þjóðarinnar. Margir gallar hafa að vísu verið á henni, og eru enn, en nær virðist liggja að lækna þá galla, í staðinn fyrir að leggja hana niður með stuttum aðdraganda og lítilli fyrirhyggju. En ef sá tími kemur, að þjóðin vill ekki lengur hafa þjóðkirkju, og er búin að gerhuga sjer nýtt kirkjufyrirkomulag, eða vill enga kirkju hafa, þá á þessi hugmynd að komast í framkvæmd. Þá er málið tímabært, en nú ekki.⁴⁴

Minnihlutaáliti hans lauk svo með rökstuddri dagskrártillögu um frávísun sem var felld með eins atkvæðis mun.⁴⁵ Það þarf þó ekki að fela í sér neina verulega vísbendingu um afstöðu alþingismanna til aðskilnaðar þar sem sumir geta hafa verið honum andvígir en samt viljað að fram komin tillaga fengi þinglega meðferð. Svipuðu máli kann að hafa gilt um hinn nauma meirihluta í atkvæðagreiðslunni um aðaltillöguna þar sem einhverjir þingmenn kunna að hafa greitt henni atkvæði til að fá fram vilja þingsins í heild.

Í framsögu sinni fyrir sérálitinu varaði Þorsteinn við að aðskilnaðarmálinu yrði verulega hreyft meðan á því upplausnarástandi stæði er brotist hefði út víða um heim í kjölfar fyrri heimsstyrjaldarinnar. Þá undraðist hann að slíkt stórmál væri flutt á þingi sem þegar hefði við mörg stór mál að glíma.⁴⁶ Ennfremur taldi hann meirihluta nefndarinnar sem um málið fjallaði ekki hafa unnið það nægilega vel. M.a. hefði verið látið hjá líða að fjalla um reynsluna af fríkirkjufyrirkomulaginu þar sem það væri við lýði enda væru aðstæður þar víða gjörólíkar því sem hér ríkti þar sem þjóðin væri fámenn, „samfeld“ og alin upp í sömu kirkju.⁴⁷

⁴¹ Sama rit, d. 657.

⁴² *Alþingistíðindi* AII 1919, bls. 1086–1087. Sjá og *Alþingistíðindi* C 1919, d. 601, 633–634. Samþingmaður Þ.M.J., Jón Jónsson á Hvanná, vandi hann um tilraun til að gera aðskilnaðarmálið flokkspólítískt í anda „Tímaklíkunnar“. *Alþingistíðindi* C 1919, d. 604–608.

⁴³ *Alþingistíðindi* AII 1919, bls. 1086–1087.

⁴⁴ Sama rit, bls. 1087.

⁴⁵ Sama rit, s.st. Sjá og *Alþingistíðindi* C 1919, d. 639.

⁴⁶ Sama rit, d. 593–594, 632–633.

⁴⁷ Sama rit, d. 594, 595–596.

Efnislega lýsti Þorsteinn sig sammála því álitu meirihluta nefndarinnar að trúmál ættu að vera einkamál fólks. Hann kvaðst þó ekki líta svo á að það grundvallar-sjónarmið krefðist aðskilnaðar ríkis og kirkju hér þar sem honum væri ekki kunnugt um að þjóðkirkjan legði hömlur á trúarskoðanir fólks enda væri lútherska kirkjan að nokkru leyti byggð á trú- og samviskufrelsi.⁴⁸ Í framhaldinu ályktaði hann svo:

En í kirkju, þar sem samviskufrelsi er fyrsti hyrningarsteinninn, þá er skoðunarfrelsi vitanlega annar hyrningarsteinninn, trúarleg framþróun þriðji hyrningarsteinninn, og þá trúfrelsi hinn fjórði.⁴⁹

Þá sagði Þorsteinn í framsöguræðunni, eins og í sérálitu sínu, að tilkoma frjálslyndu guðfræðinnar innan þjóðkirkjunnar væri mikið framafaraspur sem líklegt væri til að koma af stað endurvakningu í kirkjunni. Hefði þróunin enda valdið því að hann hefði snúist til andstöðu við aðskilnað þar sem kirkjan rúmaði nú fleiri en verið hefði meðan hún hélt fast við hefðbundna trúartúlkun.⁵⁰

Varðandi þau rök meirihlutans að aðkallandi væri að slíta sambandi ríkis og kirkju áður en ný launalög leiddu til stórfelldrar hækkunar á prestlaunum og þar með kostnaðarauka fyrir landssjóð benti Þorsteinn á að kostnaður við kirkjuna félli ekki niður við aðskilnað. Eina breytingin sem yrði í því efni væri sú að almenningur greiddi eftir breytinguna gjöld sín beint til safnaðanna sem svo launuðu prestana en ekki til landssjóðs. Fyrir þjóðina sjálfa yrði sparnaður af aðskilnaði því enginn nema ef kirkjan væri alfarið lögð af en að því væri ekki stefnt með fram kominni tillögu.⁵¹ Þetta virðist benda til þess að Þorsteinn hafi ekki verið uppnæmur fyrir mannréttindarökum í aðskilnaðarmálinu þar sem hann virðist hafa horft framhjá hagsmunum þeirra sem ekki vildu taka þátt í að kosta starf kirkjunnar jafnvel þótt með óbeinum hætti væri. Þá taldi Þorsteinn ekki vænlegt að söfnuðir reyndu að semja um lakari kjör prestum til handa en þeim staðu til boða að óbreyttu ástandi þar sem stéttinni mundi við það hraka stórlega er illa menntaðir og lítt hæfir menn réðust til starfa. Eins gætu prestar orðið söfnuðum eða einstökum safnaðarmönnum háðir í fjárhagsefnum og þar með ósjálfstæðir í embættisrekstri.⁵² Loks þótti honum skaði af því ef biskupsembættið yrði lagt niður.⁵³ Voru ályktunarorð hans þessi:

[...] mjer virðist eigi verða á móti því mælt, að nú sje aftur að rofa fyrir degi í íslensku þjóðkirkjunni, þá vil jeg bíða enn um nokkur ár, án þess að nokkuð sje gert til að æsa menn móti þjóðkirkjunni.⁵⁴

Í efri deild lýsti Kristinn Daníelsson einnig undrun sinni yfir að bryddað væri upp á jafn viðurhlutamiklu máli án þess að þjóðin hefði á þingmálafundum eða á annan hátt þrýst á um að það yrði tekið á dagskrá.⁵⁵ Leit hann enda svo á að í aðskilnaðarmálinu ætti þjóðin sjálf, en ekki þingið, að hafa frumkvæði.⁵⁶ Þá lýsti hann því sem skoðun sinni að málið væri einkum fram komið vegna þess að aðalflutningsmaður þess, Gísli Sveinsson, hefði „[...] fremur ímugust á kirkjunni yfir höfuð og starfi

⁴⁸ Sama rit, d. 594–595.

⁴⁹ Sama rit, s.st.

⁵⁰ Sama rit, d. 597–599.

⁵¹ Sama rit, d. 599–600.

⁵² Sama rit, d. 600–601.

⁵³ Sama rit, d. 601.

⁵⁴ Sama rit, s.st.

⁵⁵ Sama rit, d. 640–641.

⁵⁶ Sama rit, d. 650.

hennar“.⁵⁷ Slík rök heyrðust raunar oft í aðskilnaðarumræðunni án þess að þau hefðu alltaf við rök að styðjast.

Kristinn Daníelsson skopaðist að skilgreiningu meirihluta nefndarinnar á trúnni og lýsti sig ósammála þeirri skoðun hans að sökum þess að tilfinningar réðu mestu á sviði trúarinnar hlytu trúmál að vera einkamál. Um það atriði sagði hann að

[...] trúarkend og tilfinning manna eru framar öllu öðru skapaðar til að hafa áhrif á öll siðferðismál, en siðferðismál eru undirstaða mannfelags og góðrar þjóðfelagsskipunar. Þess vegna verður ríkisvaldið að veita þeim málum hina nákvæmstu athygli, vera viðbúið að leiða á því sviði, ekki síður en öðrum, og styðja þær stefnur, sem reynslan staðfestir og almennasamþykki viðurkennir að eru hollastar.⁵⁸

Þá gagnrýndi hann þau ummæli meirihluta nefndarinnar sem fjallaði um málið í neðri deild að ríkið ætti ekki að kveða á um sérstök trúarbrögð með lögum. Um það sagði hann:

Það veit hvert barn, að ríkið fyrirskipar ekkert um trúarbrögðin. En jeg skal fúslega kannst við, að jeg tel fulla þörf á því, að ríkið hafi hönd í bagga með þeirri kirkju, sem á að gagnsýra þjóðlífið, enda hefir sjálf nefndin sjeð þetta, því hún ætlast þó til, þrátt fyrir alt, að ríkið eigi að sjá henni fyrir háskólamentuðum prestum, og tel jeg henni það til gildis, þótt það samrýmist ekki röksemdum hennar, ef þær eru raktar til rótar.⁵⁹

Kristinn hafnaði líka þeim skilningi meirihlutans að þjóðkirkjuskipanin gerði trúfrelsi í landinu að engu. Raunar taldi hann óþarft að kveða sérstaklega á um trúfrelsi í stjórnarkránni þar sem allir nytu þegar bæði hugsunar- og trúfrelsis með líkum hætti og ljóssins, loftsins og vatnsins sem öllum væri frjálst.⁶⁰ Þetta væri áskilið með heimildinni sem stjórnarskráin veitti öllum til að stofna trúfélög út af fyrir sig, sem og ákvæðinu sem gerði fólk er stæði utan allra trúfélaga gjaldfrjálst gagnvart þjóðkirkjunni. Hið síðarnefnda taldi hann þó of langt gengið þar sem sömu reglur giltu ekki um þá sem vegna sérskoðana sinna kynnu að vera á móti því að greiða skatta vegna vega, brúa, skóla, launa embættismanna eða jafnvel flugvéla. Leit hann þar með sýnilega á kirkjuna sem eina af „þjóðnytjastofnunum“ samfélagsins sem allir ættu að geta greitt til burtséð frá persónulegri afstöðu.⁶¹ Kristinn Daníelsson virðist því ekki hafa verið næmari fyrir mannréttindarökum en Þorsteinn M. Jónsson, skoðanabróðir hans í málinu í neðri deild.

Kristinn hafnaði báðum meginröksemdum meirihluta nefndarinnar í neðri deild, þ.e. að klofningur kirkjunnar í frjálslýndan og íhaldssaman arm og að sá kostnaðarauki sem fyrirjáanlegur væri af hækkuðum prestlaunum kallaði á aðskilnað. Í fyrrnefnda málinu lýsti hann sig sammála Þorsteini M. Jónssyni.⁶² Varðandi hið síðarnefnda óttaðist hann að það eitt breyttist við aðskilnað að starfsemi presta-stéttarinnar yrði „[...] ávaxtarýrari fyrir andlegt líf þjóðarinnar, menningu hennar og siðgæði.“⁶³ Einnig óttaðist hann að við aðskilnað yrði „[...] opnað hlið fyrir óhollara og óþjóðlegra kirkjulífi [...]“ í landinu.⁶⁴ Taldi hann raunar að þjóðinni yrði gerður mikill óleikur með aðskilnaði þar sem hún yrði þá að byggja upp kirkjulíf

⁵⁷ Sama rit, d. 641.

⁵⁸ Sama rit, d. 642.

⁵⁹ Sama rit, d. 649.

⁶⁰ Sama rit, d. 643, 644.

⁶¹ Sama rit, d. 643–644.

⁶² Sama rit, d. 644–646.

⁶³ Sama rit, d. 646.

⁶⁴ Sama rit, d. 647.

sitt frá grunni án þeirra úrræða eða „skipulagsmeðala“ sem ríkisvaldið hefði yfir að ráða.⁶⁵

Sigurður Jónsson (1852–1926) atvinnumálaráðherra er sat þing fyrir Óháða bændur en síðar Framsóknarflokk var almennt á móti aðskilnaði og deildi sérstaklega því sjónarmiði Kristins Daníelssonar að þjóðin ætti að hafa frumkvæði í málinu. Taldi hann raunar að þingið skorti umboð kjósenda til að fara með málið þar sem því hefði ekki verið hreyft í aðdraganda þings.⁶⁶

Varð þessi málflutningur Þorsteins í neðri deild og Kristins og Sigurðar í efri deild til að málið náði ekki fram að ganga í síðarnefndu deildinni og féll þar með um sjálft sig eins og margir í neðri deild höfðu óttast.

Móti aðskilnaði vegna kirkjustarfsins

Eins og vikið var að í upphafi festist það viðhorf snemma í sessi í þjóðkirkjunni að ná ætti markmiðum stjórnarskrárinnar um þjóðkirkju og trúfrelsi með því að þróa löggjöf um kirkjumál er tryggði þjóðkirkjunni nauðsynlegt frelsi gagnvart ríkisvaldinu og utanþjóðkirkjufólki viðunandi trúfrelsi án aðskilnaðar ríkis og kirkju eftir svokallaðri löggjafarleið.⁶⁷ Hefur það líklega valdið því að framan af því tímabili sem fjallað er um í þessari grein tóku prestar lítinn þátt í aðskilnaðarumræðunni og hafa líklega talið að framtíðarstefna þjóðkirkjunnar í því efni væri þegar mótuð til langrar framtíðar.⁶⁸ Þögn þeirra var þó rofin haustið 1929 er aðalfundur Prestafélags Vestfjarða ályktaði í málinu og þá í anda löggjafarleiðarinnar:

Fundurinn óskar ekki eftir aðskilnaði ríkis og kirkju, en telur mjög æskilegt að vald kirkjunnar aukist í hennar eigin málum, innan vébanda ríkisins. En komi fram óskir um aðskilnað ríkis og kirkju, skorar fundurinn á þing og stjórn að láta ganga til þjóðaratkvæðis um málið.⁶⁹

Í lokaorðum ályktunarinnar vísaði fundurinn til viðbótarinnar við 76. gr. stjórnarskrár konungsríkisins Íslands (núv. 79. gr.) um breytingar á þjóðkirkjuákvæðinu í 58. gr. hennar (núv. 62. gr.) og kvað á um að slíkar breytingar skyldi bera undir atkvæði allra kosningarbærra manna til samþykktar eða synjunar í leynilegri atkvæðagreiðslu.⁷⁰ Hafa fundarmenn væntanlega reitt sig á að ekki væri ríkur þjóðarvilji fyrir aðskilnaði og því álituð að þetta fyrirkomulag fæli í sér vörn fyrir þjóðkirkjufyrirkomulagið. Með þjóðaratkvæðagreiðslu væri sem sé mögulegt að koma í veg fyrir frekari framgang málsins.

Gunnar Árnason (1901–1985) sem varð fyrsti prestur Bústaðaprestakalls í Reykjavík (1952) og síðar Kópavogsprestakalls (1964) var sá prestur sem oftast virðist hafa tjáð sig um aðskilnaðarmálið um miðbik tuttugustu aldar. Sumarið 1956 vék hann að málinu í grein um framtíð kristindómsins sem birtist í *Kirkjuritinu* en hann var þá annar af tveimur ritstjórum þess. Þar lýsti hann m.a. yfir dálæti sínu á breska sagnfræðingnum Arnold J. Toynbee (1889–1975) sem var einn af þekktustu sagnfræðingum heims um þær mundir. Gunnar kallaði Toynbee einkum til vitnis

⁶⁵ Sama rit, d. 644.

⁶⁶ Sama rit, d. 650.

⁶⁷ Hjalti Hugason, „Þróun sjálfstæðrar þjóðkirkju á öndverðri 20. öld: Umræður í prestastétt 1911–1916 — Lokasaman- tekt“, *Ritvöld Guðfræðistofnunar* 34/2012, bls. 96–122.

⁶⁸ Hjalti Hugason, „Þróun sjálfstæðrar þjóðkirkju á öndverðri 20. öld“, bls. 96–109.

⁶⁹ „Aðalfundur Prestafélags Vestfjarða“, *Vesturland* 34/1929, bls. 2–3, hér 3.

⁷⁰ Stjórnarskrá konungsríkisins Íslands nr. 9/1920.

um að frelsi fólks og vestrænni menningu yrði mjög ógnað í kalda stríðinu ef snúið væri baki við kristindómnum.⁷¹ Gunnar lagði áherslu á að hér á landi hefði verið við lýði „þjóðkirkja“ allt frá þeim heimssögulega atburði er kristni var lögtekin á alþingi hinu forna. Virðist sú merking hugtaksins náskyld þeirri hugsun sem Helgi Sæmundsson tjáði síðar er hann nefndi kirkjuna þjóðstofnun (sjá fyrri grein). Gunnar taldi þó að tengsl ríkis og kirkju væru ekki hafin yfir gagnrýni eða að ekki gæti borið skugga á þau. Því síður áleit hann að aðskilnaður þeirra mundi hafa dauða kristninnar í landinu í för með sér eins og ýmsir vildu vera láta. Var hann raunar þeirrar skoðunar að ríkinu væri sambandið við kirkjuna enn heillavænlegra en trúnni sökum þess að hugsjónir kristindómsins væru „[...] mesta lyftistöng lýðs og lands í nútíð og framtíð“, líkt og hann kvað Toynebee hafa haldið fram.⁷²

Gunnar Árnason var kirkjuþingsmaður á árunum 1964–1976.⁷³ Á kirkjuþingi í október 1968 flutti hann tillögu þess efnis að kirkjuráð stofnaði „[...] til athugunar á því hvers kirkja vor verði vandlegast að gæta og öruggast að tryggja ef til kæmi aðskilnaður hennar og ríkisins, fyrr eða síðar.“⁷⁴ Líklega hefur „aðskilnaður“ á þessum tíma verið talið varhugavert hugtak þar sem tillagan var samþykkt í þeirri mynd að þingið óskaði að kirkjuráð stofnaði „[...] til athugunar á því hvers kirkja vor verði vandlegast að gæta og hvað öruggast að tryggja varðandi samskipti ríkis og kirkju.“⁷⁵

Nokkrum árum síðar (1972) birtist svo viðtal við Gunnar Árnason í *Sunnudagsblaði Tímans* en hann hafði þá látið af prestskap fyrir nokkru. Var hann m.a. inntur eftir aðskilnaði ríkis og kirkju sem tíðindamaður blaðsins kvað þá til umræðu meira en oft áður, sem má til sanns vegar færa. Gunnari var prestaskortur, sem þá var nokkur, ofarlega í huga og kvað hann geta ýtt undir aðskilnaðarumræðu þar sem fólk væri ekki til langframa fúst til að greiða „skatt“ til stofnunar sem ekki veitti því viðunandi þjónustu.⁷⁶ Þó taldi hann að Íslendingar, ásamt Norðmönnum, yrðu síðastir Norðurlandþjóða til að slíta sambandi ríkis og kirkju enda væri sambúð stofnananna hvergi betri en hér þar sem næstum allir landsmenn tilheyrðu kirkjunni sem auk þess hefði öðlast hér mest frjálsræði Norðurlandakirkna „innan ríkisins“.⁷⁷ Hann ítrekaði þá enn að enginn háski hvað þá dauðadómur fælist í aðskilnaði enda gæti hann á engan hátt talist „óeðlilegur“ þar sem kirkjan væri í eðli sínu „félagskapur áhugamanna“ og væri auk þess sjálfstæð stofnun víðast um heim þegar Norðurlöndunum sleppti. Ýmist óhagræði taldi hann þó myndu flygja aðskilnaði.⁷⁸

Á þessu sama méli sendi sjónvarpið út viðtal Andrésar Kristjánssonar (1915–1990), ritstjóra *Tímans*, við Gunnar Árnason. Fáum dögum síðar birtist í *Vísi* umsögn Kristjáns Bersa Ólafssonar (1938–2013), kennara og síðar skólameistara, um viðtalið. Þar lét hann þess getið að fáeinum áratugum áður hefðu það helst verið andstæðingar kirkjunnar sem hefðu orðað þá hugmynd að rétt væri að skilja stofnanirnar að. Á síðari tímum hefðu aftur á móti heyrst raddir í þá veru meðal

⁷¹ Gunnar Árnason, „Framtíð kristindómsins“, *Kirkjuritið* 6/1956, bls. 270–272, hér 270.

⁷² Sama rit, bls. 272.

⁷³ Gunnlaugur Haraldsson, *Guðfræðingatal 1847–2002* 1, Reykjavík: Prestafélag Íslands, 2002, bls. 392.

⁷⁴ *Gerðir kirkjuþings* 1968, bls. 13. Sjá og „Gerðir Kirkjuþings 1968“, *Kirkjuritið* 1/1969, bls. 12–22, hér 19.

⁷⁵ *Gerðir kirkjuþings* 1968, bls. 13.

⁷⁶ V[algeir] S[ígurðsson], „VS ber að dyrum: „Get ekki hugsað mér hollari stað til uppeldis en Mývatnssveitina“, *Tíminn Sunnudagsblað* 27. maí 1972, bls. 444–448, hér 446.

⁷⁷ Sama rit, s.st.

⁷⁸ Sama rit, s.st.

kirkjunnar manna þótt Gunnar hefði ekki verið ginnkeyptur fyrir aðskilnaði. Kvað Kristján Bersi upp úr með að frá sjónarmiði kirkjunnar væri aðskilnaður ekki tíma- bær þótt svo kynni að vera út frá öðrum sjónarhornum t.d. hvað trúfrelsi áhærði.⁷⁹

Nokkru eftir að Gunnar Árnason tjáði sig fyrst um aðskilnaðarmálefnið, eða haustið 1959, birtist í æskulýðskálfi *Morgunblaðsins*, *Frá ungu fólki*, viðtal við Þóri Kr. Þórðarson (1924–1995) guðfræðiprófessor sem þá var nýkominn heim frá náms- og starfsdvöl í Bandaríkjunum. Mikill hluti viðtalsins fjallaði um kirkjulíf þar í landi en þó var einnig vikið að aðskilnaði ríkis og kirkju hér. Þórir áleit að kirkjan ætti að fá mun meira sjálfstæði undir stjórn biskups og kirkjuþings en hún nyti við óbreyttar aðstæður. Sérstaklega ætti að auka fjárhagslegt sjálfstæði hennar.⁸⁰ Hann var því samþykkur helstu baráttumálum þeirra er fylgt höfðu löggjafarleiðinni en þau beindust, eins og fram er komið, að sem frjálsaþri þjóðkirkju í áframhaldandi tengslum við ríkisvaldið. Þórir var aftur á móti andsnúinn aðskilnaði þar sem hann áleit að eining og styrkur kirkjunnar hlyti að vera meiri við þjóðkirkju- en fríkirkju- skipan. Auk þess taldi hann aðstöðu hennar til starfs væri mun betri meðan prestar ynnu ýmis embættisverk fyrir mikinn meirihluta þjóðarinnar sem gerði það að verkum að þeir kæmst í náið samband við fólkið í landinu. Hann virðist því hafa litið svo á að aðskilnaður kirkju og ríkis mundi óhjákvæmilega skerða tengsl kirkjunnar við þjóðina, annað tveggja vegna þess að fólk sneri baki við kirkjunni og athöfnum hennar eða að kirkjan hætti að rækja þjóðkirkjuhlutverkið sem felst í að veita öllum þjónustu án tillits til trúarskoðana eða aðildar að kirkjunni. Hvorugt hefði þó þurft að gerast við aðskilnað. Sterkustu rökin gegn aðskilnaði kvað hann þó vera að með honum væri grundvelli kippt undan kristindómsfræðslu í skólum landsins.⁸¹ Í því efni hafði hann vissulega mikið til síns máls.

Um svipað leyti gerði Þórir Kr. svo fyllri grein fyrir hugmyndum sínum um kirkjumál í *Kristilegu stúdentablaði*. Benti hann þá á að „rótarmein“ þjóðkirkjunnar væri að innan hennar væri „samfélags- og safnaðarhugsjón“ kirkjunnar ekki rækt, þjóðkirkjan væri því ekki samfélag kristinna manna um orðið og sakramentin heldur ríkisstofnun sem stjórnað væri eins og einni deild „ráðuneytanna við Arnarhólstún í Reykjavík.“⁸² Þjóðkirkjan nyti af þeim sökum ekki nægilegs sjálfstæðis til að „[...] geta verið kirkja [...]“.⁸³ Kallaði Þórir eftir að róttækar stjórnarfrásbreytingar yrðu gerðar á þjóðkirkjunni og henni tryggt bæði fjárhagslegt og stjórnunarlegt sjálfræði. Eftir sem áður var hann á þeirri skoðun að verðmætum yrði kastað á glæ með aðskilnaði ríks og kirkju.⁸⁴ Þórir var því fremur róttækur fylgjandi löggjafarleiðarinnar gömlu.⁸⁵

⁷⁹ Kristján Bersi Ólafsson, „Er trúfrelsi í þjóðkirkjunni?“, *Vísir* 22. mars 1972, bls. 7.

⁸⁰ Þ[ór] V[ilhjálmsson], „Hef ekki áhuga á vísindum sem slíkum: Spjallað við Þóri Kr. Þórðarson prófessor“, *Morgunblaðið/Frá ungu fólki* [Blad ungra Sjálfstæðismanna, fylgirit Morgunblaðsins], 2. október 1959, bls. 2. Sjá og Þórir Kr. Þórðarson, „Um kirkjuhugtakið í Ritningunni, hjá Lúther og í nútímanum“, *Kristilegt stúdentablað*, 1/1959, bls. 11–13, 24–29, hér 28.

⁸¹ Hvað einingu kirkjunnar áhræði áleit Þ.Kr.Þ. þrjár fylkingar takast á: þá sem væru með frjálslyndri guðfræði frá aldamótaárunum 1900, þá sem væru á móti henni og þá sem aðhylltust „gagnrýna guðfræði“ sem iðkuð hefði verið á Norðurlöndum undanfarna áratugi. Þ[ór] V[ilhjálmsson], „Hef ekki áhuga á vísindum sem slíkum“, bls. 2.

⁸² Þórir Kr. Þórðarson, „Um kirkjuhugtakið í Ritningunni“, bls. 27.

⁸³ Sama rit, bls. 27, sjá og 28.

⁸⁴ Sama rit, bls. 28. Um svipuð sjónarmið, sjá A.Á., „Bréf frá lesendum: Biskupinn verði fyrst og fremst andlegur leiðtogi kirkju sinnar“, *Ný vikuútdi* 4/1962, bls. 3; „Kirkjan og ríkisvaldið“, *Bjarmi* 3–4/1963, bls. 8.

⁸⁵ Löggjafarleiðin naut áfram stuðnings meðal kirkjunnar manna á áttunda áratug tuttugustu aldar. Sjá „Strjálbýlið mundi gera aðskilnað ríkis og kirkju mjög erfiðan“ — segir Ólafur Skúlason, dómprófastur“, *Alþjóðublaðið* 28. október 1978, bls. 4 og 3. GAJ, „Fundur í Prestafélagi Suðurlands: Rætt um aðskilnað ríkis og kirkju“, *Dagblaðið* 21. mars 1979,

Snemma árs 1972 skilaði nefnd sem skipuð hafði verið 1968 og starfað undir forsæti Alva Myrdal (1902–1986) af sér tillögum þar sem gert var ráð fyrir aðskilnaði eða a.m.k. mjög breyttum tengslum ríkis og kirkju í Svíþjóð er taka skyldu gildi að áratug liðnum eða um áramótin 1982–1983.⁸⁶ Var nokkuð um það mál fjallað hér. Blaðamaður dagblaðsins *Vísir* ræddi í því sambandi við Sigurbjörn Einarsson biskup um aðskilnað. Kvað hann það málefni lítið hafa verið rætt hér frá því um aldamótin 1900 en þá hefðu margir prestar verið þeirrar skoðunar að aðskilnaður væri æskilegur.⁸⁷ Má þetta til sanns vegar færa ef aldamótatíminn er teygður fram um 1915 eins og gert er í þessari rannsókn. Þá kvað biskup ekki sömu þörf á aðskilnaði hér þar sem íslenska þjóðkirkjan væri sjálfstæðari en kirkjur annars staðar á Norðurlöndum og „[...] þá bæði fjárhagslega og eins hvað starfi safnaðanna viðkemur.“⁸⁸ Borið saman við Danmörku, Svíþjóð og jafnvel Noreg var íslenska þjóðkirkjan á þessum tíma sjálfstæðari um stjórn innri málefna sinna. Á hinn bóginn hafði finnska systurkirkjan öðlast mun meira sjálfstæði með kirkjulögum frá 1870.⁸⁹ Tvisýnna er aftur á móti að fullyrðingin um hið fjárhagslega sjálfstæði fái staðist þar sem norrænu kirkjurnar bjuggu að eigin eignahöfuðstól í mun ríkari mæli en íslenska þjóðkirkjan gerði eftir að ríkisvaldið tók við forræði fornra kirknaeigna 1907. Þá má benda á að í þessu efni var mat Sigurbjörns á sjálfstæði kirkjunnar í grundvallaratriðum annað en Þórir Kr. Þórðarson hafði látið í ljós rúmum áratug fyrir. Engar breytingar höfðu þó orðið á stöðu kirkjunnar á þessum árum. Sýna ummæli þeirra því glöggt hve ólíkum augum menn gátu lítið stöðu þjóðkirkjunnar þótt þeir væru í grundvallaratriðum sammála í aðskilnaðarmálinu.

Við þetta tækifæri kvað líka við töluvert annan tón hjá Sigurbirni, einkum hvað fjármálin áhrærði, en 15 árum áður er hann sendi frá sér hirðisbréf sitt, *Ljós yfir land* (1960), þá nýlega tekinn við biskupsdómi. Í upphafi sjötta áratugarins voru Sigurbirni tengsl ríkis og kirkju ofarlega í huga. Taldi hann þau hafa verið náin allt frá upphafi og hljóta eðli máls samkvæmt að verða það „[...] meðan kristni helzt í landinu með nokkrum tókum á þjóðinni“:⁹⁰

bls. 8. Rúmum aldarfjórðungi síðar lét Gunnlaugur Stefánsson (f. 1952), þá starfsmaður Hjálparstofnunar kirkjunnar og síðar sóknarprestur, í ljós líka skoðun. Áleit hann að íslenska kirkjan væri þá (um miðjan níunda áratug liðinnar aldar) ríkiskirkja en þyrfti aukið sjálfstæði og fasta tekjustofna til að geta rækt hlutverk sitt. Gunnlaugur Stefánsson, „Kjallarinn: Kirkja í faðmi ríkisforsjár“, *Dagblaðið Vísir* — DV 19. ágúst 1986, bls. 12.

⁸⁶ Olof Palme (1927–1986) þáv. menntamálaráðherra ákvað þó að stjórnin legði ekki fram neina tillögu að breyttri skipan kirkjumála þar sem ekki hefði náðst nægileg samstaða um málið. Breyting varð því ekki í þessu efni fyrir en um aldamótin 2000. Ingmar Brohed, *Sveriges kyrkohistoria* 8, Stokkhólmi: Verbum, 2005, bls. 262–266.

⁸⁷ ÞJM, „„Kirkjan hér sjálfstæðari en á hinum Norðurlöndunum“ — segir biskup í tilefni af væntanlegum aðskilnaði ríkis og kirkju í Svíþjóð“, *Vísir* 14. mars 1972, bls. 3.

⁸⁸ Sama rit, s.st.

⁸⁹ Eino Murtorinne, *Finlands kyrkohistoria* 3, sænsk þýð. Bill Widén, Skellefteå: Artos, 2000, bls. 158–162.

⁹⁰ Sigurbjörn Einarsson, *Ljós yfir land: Hirðisbréf til presta og safnaða á Íslandi*, Reykjavík: Bókaverslun Sigfúsar Eymundssonar, 1960, bls. 161.

Ríki og kirkja geta aldrei sniðgengið hvort annað, aldrei lifað í raunverulegu, innbyrðis hlutleysi. Hlutleysi með þeim í orði kveðnu er það aldrei í reyndinni, heldur annað hvort samúð eða andúð. Og einhver skipan verður alltaf á gagnkvæmri afstöðu ríkis og kirkju, sambandið einhverjum fastmælum bundið, skráðum eða óskráðum. Kirkja á alltaf mikið undir ríkisvaldi þess lands, sem hún starfar í, hvernig sem hún er skipulögð. Og kirkja sem eitthvað kveður að, er aðili í lífi hverrar þjóðar, sem ríkið hlýtur að taka tillit til.⁹¹

Að hyggju Sigurbjörns virðast tengsl ríkis og kirkju því fyrst og fremst vera afleiðing af tengslum kirkju og þjóðar sem og hlutverki kirkjunnar í lífi þjóðarinnar. Sá skilningur kom enn frekar í ljós er hann fjallaði um þjóðkirkjuhugtakið:

Hér á landi er þjóðkirkja. Það hugtak er ekki skýrt markað í miðvitund [svo] manna. Það er ekki sama og ríkiskirkja — trúarleg ríkisstofnun þyrfti ekki að vera þjóðkirkja. Hún gæti verið í minnihluta með þjóðinni, án djúpra róta í sögulegum minningum hennar, menningararfi og andlegu viðhorfi. Hins vegar gæti stofnun, sem væri skipulögð sem „fríkirkja“ haft allt þetta til að bera og því verið í raun réttri þjóðkirkja.

Fyrst og fremst felur hugtakið þjóðkirkja í sér það, að *þjóð* og kirkja séu nátengd, eigi víðtæka samstöðu, er viðurkennd sé gagnkvæmt.⁹²

Það var því ekki lagaleg staða eða skipulag sem gerði kirkju að þjóðkirkju heldur það að hún væri meirihlutakirkja, væri hluti af sögulegri arfleifð þeirrar þjóðar sem hún starfaði meðal og gegndi mikilvægu hlutverki í andlegri menningu hennar. Þetta er nokkuð annar skilningur á eðli þjóðkirkjunnar en almennastur er í aðskilnaðarumræðunni enda beinir hún athygli einkum að lagalegri sérstöðu þjóðkirkjunnar — hér einkum þjóðkirkjuákvæði stjórnarskrárinnar og formlegustu afleiðingum þess.

Þessu skylt var að Sigurbjörn lagði áherslu á að grundvallarafstaða ríkisvaldsins til kirkjunnar almennt, þ.e. kristinnar í landinu, vægi þyngra en skipulagsleg tengsl ríkisins og hverrar einstakrar kirkju. Hann leit því svo á að sú aðstaða sem ríkið byggði öllum trúfélögum í landinu jafnt sökum jákvæðrar afstöðu sinnar til kristinnar trúar væri þjóðkirkjunni mikilvægari en þau fríðindi sem hún nyti ein.⁹³ Þarna vísaði hann til þess trúfrelsis sem öll trúfélög í landinu nytu. Hann leit því ekki svo á að spenna væri milli þjóðkirkjuskipanar og trúfrelsis en flestir sem lýstu sig fylgjandi aðskilnaði litu svo á en einkum þeir sem gengu út frá mannréttindasjónarmiðum í því efni.

Tengsl eða „sambýli“ kirkjunnar við ríkið voru þó háð því, að mati Sigurbjörns, að stofnanirnar væru samstilltar í „[...] þeim grundvallarefnum, sem kirkjan stendur og fellur með.“⁹⁴ Slík málefna-samstaða var forenda þess að kirkjan gæti átt mikilvæg málefni er vörðuðu ytri mál hennar undir löggjafarþingi og stjórnvöldum.⁹⁵ Hér greip Sigurbjörn á álitamáli sem rætt hafði verið á fyrra skeiði aðskilnaðarumræðunnar, þ.e. hvort kirkjan gæti unað því að vera seld undir veraldleg og hugsanlega alls ókirkjuleg yfirvöld.⁹⁶ Svar hans fólst í að einstaklingar sem sætu á Alþingi, í ríkisstjórn eða störfuðu í stjórnkerfinu gætu verið eins góðir fulltrúar þjóðkirkjunnar og hverjir aðrir og að hún gengi út frá því að þeir sem þar störfuðu væru félagar í kirkjunni eins og allur þorri landsmanna, fyndu til ábyrgðar gagnvart henni og teldu hag hennar og þjóðarinnar fara saman. Hann viðurkenndi þó að í seinni

⁹¹ Sama rit, bls. 161–162.

⁹² Sama rit, bls. 163.

⁹³ Sama rit, bls. 162.

⁹⁴ Sama rit, bls. 174.

⁹⁵ Sama rit, s.st.

⁹⁶ Hjalti Hugason, „Aðskilnaður ríkis og kirkju: Upphaf almennrar umræðu 1878–1915 — Fyrri grein“, bls. 64–66.

tíð hefði ekki verið hugað að afstöðu manna til kirkjumála er valið væri í veraldlegar lykilstöður sem vörðuðu málefni kirkjunnar. Í þeim gætu því setið menn er væru áhugalausir í kirkjumálum, skorti skilning á þeim eða væru kirkjunni jafnvel andvígir.⁹⁷ Málsvarar Þjóðkirkjunnar hafa bæði fyrr og síðar rökstutt samband ríkis og kirkju út frá þeirri skipan sem komst á í kjölfar siðaskiptanna og byggðist á hugmyndum Lúthers um hlutverk og skyldur veraldlegra valdahaða í kirkjunni. Fyrrgreind útlitun Sigurbjörns sýnir að hann leit einnig til sextándu aldarinnar í þessu sambandi en horfði þó ekki framhjá þeim breytingum er orðið höfðu síðan á siðaskiptatímanum og leiddu til þess að valdið hafði færst úr höndum eins einstaklings, furstans, sem mögulegt var að kalla til persónulegrar, trúarlegrar ábyrgðar, yfir til hins fjölgreinda, ópersónulega og trúarlega óháða ríkisvalds. Þetta taldi hann vissulega valda því að huga þyrfti að tengslum ríkis og kirkju á gagnrýninn máta:

Þegar meta skal kosti þess samþýlis, sem kirkjan er í við ríkið, eru fyrirvarar sem sé augljósir. Hins vegar verður ekki talið, að íslenska kirkjan hafi fengið tilefni til þess að endurskoða aðstöðu sína frá grunni með gagngera breytingu í huga. En tímabært myndi það vera að athuga ýmsa einstaka þætti þess fyrirkomulags, sem vér búum nú við og hefur haldizt lítt breytt um langan aldur.⁹⁸

Hugmyndir Sigurbjörns Einarssonar um stöðu og stjórn kirkjunnar virðast ekki hafa breyst í grundvallaratriðum þann rúma áratug er leið uns hann tjáði þá afstöðu að íslenska Þjóðkirkjan byggji við meira stjórnunarlegt og fjárhagslegt sjálfstæði en norrænu systurkirkjurnar. Öðru máli gegndi um mat hans á fjárhagslegu sjálfstæði kirkjunnar. Í hirðisbréfinu taldi hann að í því efni hefði hag hennar hrakað mikið frá því að hún hætti að búa að hinum fornu kirknaeignum er Þjóðin hefði lagt henni til og hún orðið háð ríkinu varðandi allan rekstur. Leit hann svo á að eftir að ríkið tók að sér að fara með hinar fornu kirknaeignir (1907) gegn því að greiða prestum laun hafi kirkjan orðið „efnalega ómyndug“. Þá hefði hagur hennar einnig versnað stórum vegna verðbreytinga og sökum þess að ríkið tók ekki á sig neinar aðrar skyldur:⁹⁹

Það tók m.ö.o. á sig aðeins nokkuð af þeirri ábyrgð á efnalegri afkomu kirkjunnar, sem sá hluti Þjóðareigna, sem kirkjunni hafði verið lagður, en hvarf undir ríkið, stóð fyrir. Annað var lagt á herðar safnaðanna, án þess að þeim væri séð fyrir viðhlítandi tekjustofnum.¹⁰⁰

Hér leit Sigurbjörn í raun á hinar fornu kirknaeignir sem Þjóðareign sem lögð hefði verið fram til kirkjulegra nota. Þá er íhugunarvert að hann leit svo á að afrakstur jarðanna hefði ekki aðeins verið tekjustofn prestanna heldur einnig safnaðanna. Virðist sú túlkun þurfa sérstakrar athugunar við. Afleiðingum þessarar þróunar á fjárhagslega stöðu kirkjunnar lýsti Sigurbjörn svo:

Þjóðkirkja Íslands er fátæk stofnun, raunar örsnauð, fjárhagsleg aðstaða hennar er í átakanlegu ósamræmi við það efnahagsástand, sem nú blasir við á öðrum sviðum Þjóðlífsins, hvort sem lítið er til meðferðar einstaklinga eða hins opinbera á fjármálum.¹⁰¹

Þetta kvað hann ekki síst tilfinnanlegt þar sem mikið kirkjubyggingaskeið hlyti að vera framundan í kirkjunni.¹⁰² Ekki verður séð að grundvallarbreyting hafi orðið í þessu efni á þeim rúma áratug sem leið þar til Sigurbjörn lýsti stöðu kirkjunnar svo

⁹⁷ Sigurbjörn Einarsson, *Ljós yfir land*, bls. 174–175.

⁹⁸ Sama rit, bls. 176.

⁹⁹ Sama rit, bls. 168.

¹⁰⁰ Sama rit, s.st.

¹⁰¹ Sama rit, bls. 169, sjá og 172, 173.

¹⁰² Sama rit, bls.169–173.

að hún byggi við fjárhagslegt sjálfstæði. Ósamræmið í ummælum hans kann að stafa af því að í hirðisbréfinu ræddi hann almennt um stöðu kirkjunnar m.a. andspænis ríkisvaldinu en í *Vísis*-viðtalinu rúmum áratug síðar var hann að bregðast beint við aðskilnaðarhugmyndum sem sýnilega voru honum mjög á móti skapi.

Í *Tíðindum Prestafélags hins forna Hólastíftis* 1975 birtist erindi sem Friðrik A. Friðriksson (1896–1981), lengst af prestur á Húsavík en þá kominn á eftirlaun, hafði flutt á kirkjulegum samkomum norðanlands og snerist að verulegu leyti um framtíðarhorfur þjóðkirkjunnar og þá m.a. hugsanlegan aðskilnað hennar frá ríkisvaldinu. Byggði hann þar á reynslu sinni í fríkirkjum í Íslendingabygðum í Kanada og Bandaríkjunum 1921–1933.¹⁰³

Friðrik vísaði til ummæla er nýlega höfðu verið látin falla í útvarpserindi þess efnis að trúfrelsisákvæði stjórnarskrárinnar væri dauður bókstafur meðan þjóðkirkjuskipulag væri við lýði. Það áleit hann rangt og enga skilnaðarþörf fyrir hendi hér á landi af þeim sökum.¹⁰⁴ Vísaði hann þar til „[...] 1000 ára hefðar um trúfélagslega samstöðu [...]“ meðal þjóðarinnar enda væri sú hefð ofstækislaus og víðsýn.¹⁰⁵ Taldi hann að afstaða þeirra er héldu því fram að trúfrelsi kallaði á aðskilnað mótaðist annað tveggja af neikvæðri afstöðu þeirra til kirkju og kristni, þ.e. þeirri sannfæringu að trú væri blekking, eða af sparnaðaráhuga hvað ríkisútgiöld til kirkjumála áhræðdi.¹⁰⁶ Eins og fram kemur í þessari rannsókn hafði hann nokkuð til síns máls þótt ekki ættu ummælin við alla sem mæltu fyrir aðskilnaði af greindum ástæðum.

Friðrik A. Friðriksson virðist ekki hafa tekið trúarréttarlegu rökin sem færð voru fyrir aðskilnaði alvarlega þar sem hann hafnaði þeirri skoðun ýmissa að þjóðkirkjuskipan stjórnarskrárinnar rýrði trúfrelsið í landinu og það út af fyrir sig kallaði á aðskilnað. Ekki litu þó allir það mál sömu augum. Nokkrum árum áður hafði Kristján Bersi Ólafsson t.d. lýst efasemdum um að þjóðkirkjufyrirkomulag sem veitti einu trúfélagi eða kirkjudeild forréttindi umfram önnur væri samræmanlegt nútímasjónarmiðum um trúfrelsi. Áleit hann þá að litlu breytti þótt enginn væri skyldur til að vera í þjóðkirkjunni og fólk gæti „seremóníulítið“ gengið úr henni. Taldi hann þó lítið reyna á þetta hér á landi sökum þess að þjóðkirkjan hefði verið afskiptalítill um trúmál síðustu áratugi og leyft hverjum að trúa því sem hann vildi bæði lærðum og leikum. Virtist honum sem trúfrelsi ríkti jafnvel innan kirkjunnar og meðan svo væri hlyti að vera ástæðulítið að taka aðskilnað á dagskrá fyrir alvöru.¹⁰⁷

Friðrik A. Friðriksson varaði svo við aðskilnaði þar sem viðbúið væri að aðeins hluti þjóðkirkjufólks myndi gerast félagar í fríkirkju eftir aðskilnað þar sem margir mundu vilja spara sér fé og fyrirhöfn vegna kirkjustarfs auk þess sem þeir vildu ekki axla ábyrgð á því sviði. Áleit hann að þetta mundi valda því að torsótt yrði að veita

¹⁰³ F.A.F byggði hugmyndir sínar að hluta til á þeim þjóðkirkjuskilningi sem oft kemur fram hjá kirkjumönnum að um væri að ræða kirkju þjóðarinnar á hverjum tíma óháð játningargrunni og lagalegri stöðu. Því væri hún í raun 1000 ára gömul. Þetta er annar þjóðkirkjuskilningur en almennt liggur til grundvallar í greininni. Friðrik A. Friðriksson, „Allir eiga þeir að vera eitt“: Þjóðkirkjan og framtíð hennar — Erindi, flutt á kirkjukvöldi í Skútustaðakirkju og áður, að meginefni til, í Akureyrarkirkju og víðar“, *Tíðindi Prestafélags hins forna Hólastíftis* 4/1975, bls. 40–47, hér 40.

¹⁰⁴ Sama rit, 43–46; „Strjálbýlið mundi gera aðskilnað ríkis og kirkju mjög erfiðan“, bls. 3.

¹⁰⁵ Friðrik A. Friðriksson, „Allir eiga þeir að vera eitt“, bls. 46.

¹⁰⁶ Sama rit, bls. 43, 46.

¹⁰⁷ Kristján Bersi Ólafsson, „Er trúfrelsi í þjóðkirkjunni?“, bls. 7. Um afstöðu K.B.Ó. sjá og Sveinn Kristinsson, „Útvarp Reykjavíks“, *Morgunblaðið* 30. júlí 1964, bls. 6 og 15, hér 6.

viðunandi prestsþjónustu a.m.k. utan þéttbýlis.¹⁰⁸ En það var einmitt slíkt „praktískt“ sjónarmið sem margir fulltrúar þjóðkirkjunnar tefldu fram gegn aðskilnaðarhugmyndum. Einnig taldi hann að prestsmenntun við guðfræðideild Háskólans mundi leggjast af sem og kristinfræðikennsla í skólum.¹⁰⁹ Loks áleit hann að frikirkjufyrirkomulag mundi ýta undir skoðanaágreining í trúarefnum sem og starf ýmiss konar „sértrúarsafnaða“.¹¹⁰

Nokkrum árum síðar, eða 1981, var Pétur Sigurgeirsson (1919–2010) biskup tekinn í „yfirheyrslu“ í vikublaðinu *Helgarpóstinum* en þá stóð yfir fyrsta kirkjuþingið í biskupstíð hans. Aðspurður um hvort aðskilnaður gæti ekki verið góður kostur fyrir kirkjuna eins og málefnum hennar — ekki síst fjárhag kirkjunnar og kjaramálum presta — væri komið lét Pétur í ljós líka skoðun og kom fram hjá Friðrik A. Friðrikssyni. Við þetta tækifæri kvaðst hann þannig ekki sjá ástæðu til breytinga þar eð yfir 90 prósent þjóðarinnar játaði sömu trú og tilheyrði sömu kirkju. Þvert á móti taldi hann samstarf ríkis og kirkju æskilegt í þeirri mynd sem kveðið væri á um í stjórnarskránni. Þó mætti ýmislegt laga í því sambandi og áleit hann Alþingi opið fyrir því eins og nýstofnuð samstarfsnefnd þess og þjóðkirkjunnar sýndi. Mikilvægast í því sambandi væri að auka sjálfstæði þjóðkirkjunnar.¹¹¹ Pétur Sigurgeirsson var því eindregið fylgjandi löggjafarleiðinni.

Líkt og forveri hans vék Pétur Sigurgeirsson að sambandi ríkis og kirkju í hirðisbréfi sínu, *Kirkjan öllum opin* (1986). Í því sambandi var honum hin lútherska hefð í þessu efni ofarlega í huga og ræddi tengslin m.a. út frá sjónarhorni sem gætti nokkuð í aðskilnaðarumræðunni á tímabilinu, þ.e. hvort ríkistengslin gætu bundið hendur kirkjunnar í starfi. Um það efni ritaði hann:

Það var Lúther mjög á móti skapi, að kirkjan gerðist þýlynd við yfirvöld. Hann benti oft á, að í boðun kirkjunnar getur reynt á það að lögum og trúrænum viðhorfum lendi saman: [...] Yfirvaldið og presturinn eiga hvor á sínu sviði að gæta köllunar sinnar. Ef yfirvaldið er ekki kristið, er einsætt að skilja ber ríki og kirkju að. Þar sem yfirvaldið er einlægur kirkjunnar maður, þá tengjast ríkin tvö eðlilegum böndum vegna sameiginlegra sjónarmiða. Kirkjan metur aðstoð ríkisins til þess að opna almenningi aðgang að blessun trúarinnar. Enda er þá grundvöllur kirkjunnar hinn sami og þjóðfélagsins og betri grundvöll getur enginn lagt. [...] Frelsi kristins manns byggist á því, að hann leggur af fúsum vilja sjálfur á sig skorður frelsisins, boð þess og bönn. Trúin, samviskan og þegnskapur sameinast í að gjalda keisarinum það sem keisarans er og Guði það sem Guðs er.¹¹²

Líkt og Sigurbjörn lagði Pétur því mikið upp úr málefnalegri samstöðu kirkju og ríkis sem forsendu þess að ríkistengsl héldust. Þá byggði Pétur á hefðbundnum lútherskum skilningi um ríkin tvö — hið andlega eða kirkjulega og hið veraldlega — aðgreiningu þeirra og samvinnu. Athyglisvert er aftur á móti hvernig hann persónugerði yfirvaldið. Eins og vikið hefur verið að var valdið á dögum Lúthers í höndum ákveðins einstaklings, þ.e. kristins fursta, og var það forsenda þess að mögulegt var að kalla „yfirvaldið“ til kristilegrar ábyrgðar. Á ofanverðri tuttugustu

¹⁰⁸ Friðrik A. Friðriksson, „Allir eiga þeir að vera eitt“, bls. 43. Sjá og „Strjálbýlið mundi gera aðskilnað ríkis og kirkju mjög erfiðan“, bls. 4. „Austurland kynnr: Fólki úr fjórðungnum“, *Austurland* 10. júlí 1970, bls. 4.

¹⁰⁹ Friðrik A. Friðriksson, „Allir eiga þeir að vera eitt“, bls. 45.

¹¹⁰ Sama rit, bls. 45, 46–47. Sjá og „Strjálbýlið mundi gera aðskilnað ríkis og kirkju mjög erfiðan“, bls. 4.

¹¹¹ Ómar Valdimarsson, „Yfirheyrsla: Einhliða afvopnun finnst mér óhugsandi“, *Helgarpósturinn* 12. nóvember 1982, bls. 6. Sjá og Gunnlaugur A. Jónsson, „Biskupar Norðurlanda þinga á Gotlandi: Spá aðskilnaði ríkis og kirkju fyrir árið 2000“, *Dagblaðið Vísir* —DV 9. ágúst 1986, bls. 6. „Biskupar á Norðurlöndum vara við hættunni af vaxandi efnishyggju: Viðtal við biskup Íslands Pétur Sigurgeirsson um norrænan biskupafund“, *Morgunblaðið* 16. ágúst 1986, bls. 18–19, hér 19.

¹¹² Pétur Sigurgeirsson, *Kirkjan öllum opin: Hirðisbréf til presta og safnaða á Íslandi*, [Reykjavík]: Biskupsembættið, 1986, bls. 95.

öld var ríkisvaldið á hinn bóginn löngu orðið ópersónulegt og trúarlega óháð, þannig að enginn einn einstaklingur var handhafi þess eða gegndi þeim hlutverkum sem því var á hendur falið. Sá tími var því liðinn að „yfirvaldið“ gæti verið „einlægur kirkjunnar maður“. Öfugt við Sigurbjörn Einarsson gekk Pétur, líkt og fjölmargir fulltrúar kirkjunnar allt til þessa, því út frá hugmyndum siðbótarinnar á sextánda öld án þess að laga þær verulega að aðstæðum í samtímanum.

Vegna þess sem hér hefur verið sagt kemur ekki á óvart að Pétur leit svo á að það samband ríkis og kirkju sem í þjóðkirkjuskipaninni felst væri þjóðinni farsælt a.m.k. meðan allur þorri landsmanna væri þjóðkirkjufólk. Þá lýsti hann sig andvígán sjónarmiði sem hann kvaðst hafa kynnst meðal kirkjumanna annars staðar á Norðurlöndum þess efnis að deyfð á sviði kirkjumála, auk margs sem úrskaiðis færi í kirkjunum, væri kirkjuskipaninni og tengslum kirkjunnar við ríkið að kenna.¹¹³ Sjálfur áleit hann að þjóðkirkjan hefði sömu „[...] ytri sem innri möguleika til að vera lifandi, starfandi kirkja [...]“ og kirkjur sem meira frjálsræðis nytu. Mestu taldi hann skipta hvernig hún notaði tækifæri sín.¹¹⁴ Hann beindi gagnrýni sinni því inn á við, að kirkjunni sjálfri, en ekki að tengslum hennar við ríkisvaldið. Í þessu kann hann að hafa byggt á eigin reynslu meðan hann þjónaði sem prestur á Akureyri en þá hafði hann vissulega sýnt fram á að unnt væri að koma á margháttuðum breytingum innan þess þrönga ramma sem „gamla íslenska þjóðkirkjuskipanin“ setti.¹¹⁵

Í „úttekt“ sem Sæmundur Guðvinsson (1945–2005) blaðamaður gerði í *Alþýðublaðinu* 1994 á afstöðu manna til aðskilnaðar (sjá fyrri grein) tók Ólafur Skúlason (1929–2008) biskup áþekka afstöðu og m.a. hafði komið fram hjá Friðriki A. Friðrikssyni. Ólafur leit svo á að í landinu ríkti „algjört trúfrelsi“ en eðlilegt væri að þjóðkirkjan nyti sérstöðu sökum þess að 93 prósent þjóðarinnar tilheyrðu henni. Þá væru tengsl ríkis og kirkju að mestu samningsbundin vegna þeirrar eignatilfærslu er orðið hefði 1907 er ríkisvaldið tók við forræði kirknaeigna. Vísaði hann til umfjöllunar kirkjuþings þá um haustið sem miðaði að því að festa ríkjandi skipan í sessi með samningum um einfaldari fjárhagstengsl ríkis og kirkju.¹¹⁶ Óttaðist hann að aðskilnaður leiddi til upplausnar í trúarefnum:

Ef íslenska þjóðkirkjan hverfur eða verður veikburða munum við finna fyrir dollarastreymi öfgahópa í Bandaríkjunum sem ætla að fylla það tóm sem þjóðkirkjan hefur skilið eftir. Það held ég að væri engum til góðs, með fullri virðingu fyrir Bandaríkjamönnum. Þar er ofsinn og ofstækið í trúmálum með ólíkindum.¹¹⁷

Við sama tækifæri lét Rögnvaldur Finnbogason (1927–1995), þá sóknarprestur á Staðarstað, í ljós jákvæða afstöðu til aðskilnaðar en þó að því tilskildu að breytingin fengi nægilegan undirbúning. Áleit hann mikilvægt að kirkjan gæti tekið sjálfstæða afstöðu bæði í siðferðilegum og félagslegum eignum, óháð valdhöfum hverju sinni en það gæti hún ekki fyrr en hún væri „[...] úr tengslum slitin við þetta kerfi sem

¹¹³ Sama rit, bls. 98–99. Vera má að þarna vísi P.S. til umræðna á norrænum biskupafundi á Gotlandi en þar deildi hann ekki sjónarmiðum flestra fundarmanna sem voru gagnrýnni á tengsl ríkis og kirkju en Pétur. Gunnlaugur A. Jónsson, „Biskupar Norðurlanda þinga á Gotlandi“, bls. 6; „Biskupar á Norðurlöndum vara við hættunni af vaxandi efnishyggju“, bls. 18–19. Sjá og Ómar Valdimarsson, „Yfirheyrsla: Einhliða afvopnun finnst mér óhugsandi“, bls. 6.

¹¹⁴ Pétur Sigurgeirsson, *Kirkjan öllum opin*, bls. 99.

¹¹⁵ Hjalti Hugason, „Séra Pétur Sigurgeirsson“, *Andvari* 61/2019, bls. 9–86, hér 25–44.

¹¹⁶ Þarna var átt við að ríkið tæki við fornum kirknajörðum gegn því að greiða laun ákveðins fjölda presta. Sæmundur Guðvinsson, „Úttekt: Lifandi trúfélög eða dollaratrú öfgahópa?“, *Alþýðublaðið* 7. desember 1994, bls. 7; *Gerðir kirkjuþings 1994*, bls. 292–297 (fjölrit).

¹¹⁷ Sæmundur Guðvinsson, „Úttekt: Lifandi trúfélög eða dollaratrú öfgahópa?“, bls. 7.

við höfum búið við allt frá siðaskiptum.¹¹⁸ Í þessu efni taldi hann þó að ekki mætti hrapa að neinu:

Ef kirkjan hyrfi af sjónarsviðinu sem ríkisrekin stofnun, [...], er ég hræddur um að það yrði svo mikil röskun að fólk kæmist á trúarlegan vergang. Kirkjan myndi ekki fá það sem henni ber og hún þarf til að halda uppi sínu starfi. Þannig gæti þjóðfélagið tapað sínum siðferðilega bakhjarli sem kirkjan er þrátt fyrir allt.¹¹⁹

Daginn eftir „úttektina“ fjallaði ritstjóri *Alþýðublaðsins* um efni hennar í leiðara og gerði þá eftirfarandi athugasemd við orð biskups:

Þessar áhyggjur eru ástæðulausar. Varla hverfur hin evangelísk-lúterska kirkja af sjónarsviðinu, þótt hún losni úr tengslum við ríkisvaldið. Og gjarnan mættu menn hafa í huga að „öfgahópar“ — hvernig sem þeir eru annars skilgreindir — hafa nákvæmlega sama rétt til þess að boða guðsorð og aðrar kirkjudeildir eða trúarhópar. Úta það gengur nú einu sinni það trúfrelsi sem tryggt er í orði með stjórnarskrá lýðveldisins. Raunverulegt verður trúfrelsið auðvitað ekki fyrren allir starfa við sömu aðstæður.¹²⁰

Þorbjörn Hlynur Árnason (f. 1954) biskupsritari vakti fáum dögum síðar athygli á að þjóðkirkjan færi þegar með lögsögu í svokölluðum „innri málum“ sínum er vörðuðu játningar, helgisíði, sakramenti og guðsþjónustu hennar. Kirkjan ætti því einvörungu undir ríkisvaldið í „ytri málum“ sem lytu að fjármálum, sumu í stjórnsýslu kirkjunnar og svo sjálfri kirkjuskipaninni.¹²¹ Af þessum sökum taldi hann að hreinn og klár aðskilnaður ríkis og kirkju mundi engu breyta um innri málin og að kirkjan „[...] yrði ekkert „sannari“ eða sjálfstæðari hvað þessi grundvallaratriði varðar“.¹²² Þá lét hann svo um mælt að næði frumvarp til þjóðkirkjulaga sem kirkjuþing hefði þegar samþykkt fyrir sína parta fram að ganga á Alþingi yrði svo róttæk breyting gerð á sambandi ríkis og kirkju „[...] að orðið aðskilnaður [mundi] betur lýsa sambandinu en hugtakið ríkiskirkja.“¹²³

Frumvarpið sem biskupsritari vísaði til varð með áorðnum breytingum að þeim þjóðkirkjulögum sem gengu í gildi 1. janúar 1998 og gilda að langmestu leyti enn. Hafa ýmsir málsvarar þjóðkirkjunnar hyllst til að líta svo á að með þeim hafi aðskilnaður í raun orðið. Á það sjónarmið verður ekki fallist hér enda var ekki að því stefnt með lögnum að raska þáverandi sambandi ríkis og kirkju þrátt fyrir að kirkjunni væri falin meiri sjálfsstjórn og aðgreining hennar frá ríkinu væri aukin.¹²⁴ Á hinn bóginn marka löggin mikilvæg þáttaskil í stofnunarlegri aðgreiningu þjóðkirkjunnar frá ríkisvaldinu enda hefur verið litið svo á að með þeim hafi „ný íslensk þjóðkirkjuskipan“ tekið gildi.

Í síðari grein sinni um sama efni lét biskupsritari einnig svo um mælt að aðskilnaður mundi engu breyta um það hlutskipti núverandi þjóðkirkju að vera í ýmsu tilliti kirkja allra landsmanna óháð trú og/eða kirkjuaðild. Aðskilnaður gæti á hinn bóginn gert henni erfiðara fyrir að rækja þetta þjóðkirkjuhlutverk sitt og þá einkum í fámennari byggðum.¹²⁵ Undir það álit má taka að því tilskildu að kirkjan breyti ekki núgildandi regluverki sínu í kjölfar aðskilnaðar, að ekki komi til fjöldaúrsagna eða

¹¹⁸ Sama rit, s.st.

¹¹⁹ Sama rit, s.st.

¹²⁰ „Aðskilnaður ríkis og kirkju: „Í allra þágu““, *Alþýðublaðið* 8. desember 1994, bls. 2.

¹²¹ Þorbjörn Hlynur Árnason, „Á að skilja að ríki og kirkju? Fyrri grein“, *Morgunblaðið* 16. desember 1994, bls. 32.

¹²² Sama rit, s.st.

¹²³ Sama rit, s.st.

¹²⁴ Sama rit, s.st.; *Alþingistíðindi* A4 1996–1997, bls. 2984–2990.

¹²⁵ Þorbjörn Hlynur Árnason, „Á að skilja að ríki og kirkju? Síðari grein“, *Morgunblaðið* 17. desember 1994, bls. 36.

aðrar þær breytingar verði á sambandi kirkju og þjóðar að almenningur í landinu hætti að líta á evangelísk-lúthersku kirkjuna sem sína kirkju í einhverri merkingu.

Á öndverðu ári 1995 var Karl Sigurbjörnsson (f. 1947), þá sóknarprestur í Hallgrímskirkju og síðar biskup, tekinn tali í *Helgarþóstinum* um aðskilnað og afleiðingar hans. Var hann í stórum dráttum sammála sjónarmiðum Þorbjörns Hlyns árið áður um að aðskilnaður væri líklegur til að gera kirkjunni erfitt fyrir að rækja hlutverk sitt á landsbyggðinni. Þá leit hann svo á að núverandi tengsl ríkis og kirkju snerust ekki svo mjög um veraldlega hagsmuni kirkjunnar heldur andlega hagsmuni þjóðarinnar sjálfar.¹²⁶ Benti hann á að 92 prósent landsmanna tilheyrðu þjóðkirkjunni og að miklu fleiri, jafnvel þeir sem tilheyrðu öðrum trúfélögum, litu til hennar sem kjölfestu í andlegu lífi þjóðarinnar:

Almenningur í landinu lítur til þjóðkirkjunnar og notar nærveru hennar til þess að gæða líf sitt einhverri andlegri merkingu. Það skiptir ekki litlu máli jafnvel þótt það sé oft á tíðum lítt skilgreint og grundað. Það, að hér skuli vera þjóðkirkja, er líka áminning til ríkisvaldsins og löggjafans um að byggja löggjöf þessa lands á þeim grunni sem kirkjan stendur fyrir, sem er mannúð og réttlæti.¹²⁷

Af lokaorðum tilvitnunarinnar gæti virst sem Karl hafi viljað draga úr trúarlegu óhæði ríkisvaldsins. Svo þarf þó ekki að vera þar sem allt eins getur verið um að ræða tilvísun til þeirrar málefnaástæðu sem Sigurbjörn biskup, faðir hans, og fleiri höfðu vísað til sem forsendu fyrir áframhaldandi tengslum ríkis og kirkju.

Athygli vekur hve margir forvígismenn úr röðum þjóðkirkjunnar færðu „praktísk“ rök fyrir áframhaldandi tengslum ríkis og kirkju, þ.e. að kirkjunni mundi veitast erfiðara að starfa meðal þjóðarinnar og þá einkum í dreifðum byggðum. Gengu þeir í því efni út frá þeim skilningi að þjóðkirkjunni bæri að starfa um land allt og þjóna öllum sem til hennar leituðu. Álitamál er aftur á móti hvort þeir mættu rökum þeirra sem mæltu fyrir aðskilnaði á grundvelli mannréttindasjónarmiða á fullnægjandi hátt.

Á móti aðskilnaði af félags- og menningarlegum ástæðum

Í lok árs 1977 birtist í *Kirkjuritinu* erindi frá ráðstefnu undir yfirskriftinni „Kristni og þjóðlíf“ sem haldin hafði verið þá um sumarið. Haraldur Ólafsson (f. 1930), þá lektor í mannfræði og síðar alþingismaður og prófessor, fjallaði þar um efnið „Staða kirkjunnar í íslenzku nútímaþjóðfélagi“. Þar túlkaði hann trúarréttarlegar aðstæður þannig að sérstaða þjóðkirkjunnar væri viðurkennd en einnig réttur manna til trúfrelsis. Á hinn bóginn tók hann ekki afstöðu til hvort sérstakur stuðningur ríkisins við þjóðkirkjuna takmarkaði trúfrelsið líkt og margir höfðu hallast að. Benti hann þó á að yfirgnæfandi meirihluti þjóðarinnar tilheyrði þjóðkirkjunni, „hún“ — og þá líklega lúthersk kristni — hefði verið einráð í landinu í fjórar aldir og tengsl hennar við ríkisvaldið verið margvísleg. Þá lagði hann áherslu á að sérstaða þjóðkirkjunnar byggðist á sögulegum og menningarlegum forsendum sem ekki væri hægt að hlaupa frá nema að rækilega yfirveguðu ráði. Tengsl ríkis og kirkju var því að hans mati

¹²⁶ „Í návígi: Séra Karl Sigurbjörnsson, sóknarprestur í Hallgrímsprestakalli, um aðskilnað ríkis og kirkju — Kominn tími til að endurskoða þetta hjónaband“, *Helgarþósturinn* 20. febrúar 1995, bls. 11.

¹²⁷ Sama rit, s.st.

ekki hægt að rjúfa nema á löngum tíma.¹²⁸ Hér virðist Haraldur vera inni á líkum brautum og Helgi Sæmundsson er hann ræddi um kirkjuna sem þjóðstofnun hálfum öðrum áratug fyrr (sjá fyrri grein).

Annars leit Haraldur svo á að tengsl ríkis og kirkju væru gagnkvæm á þann hátt að báðar væru stofnanirnar háðar hinnari. Kirkjan væri háð ríkinu vegna þess að það tæki að sér að vernda hana og styðja en ríkið háð kirkjunni „[...]“ í og með, að það tekur þessa aðstoð að sér, og getur ekki hlaupist undan þeim skuldbindingum nema með því að breyta stjórnarskránni.¹²⁹ Þar með virðist hann hafa litið svo á að stjórnarskrárákvæðið um þjóðkirkjuna hafi ekki aðeins lagt ríkinu á herðar ákveðnar skyldur við þjóðkirkjuna heldur skert trúarlegt óhæði þess. Á það mat verður ekki fallist hér. Um aðskilnað ríkis og kirkju sagði Haraldur:

Að taka ákvörðun um, að „hin evangelíska lúterska kirkja“ skuli ekki lengur vera þjóðkirkja á Íslandi er annað og meira en að hætta stuðningi við ákveðna kirkjudeild. Það þýðir, að rofin eru aldagömul tengsl ríkis og kirkju, tengsl, sem hafa haft áhrif á aragrúa menningaratriða, þjóðfélagshátta og viðhorfa.¹³⁰

Staða kirkjunnar og tengsl hennar við ríkisvaldið virðast í huga Haraldar fyrst og fremst hafa hvílt á félags- og menningarlegum áhrifum kirkjunnar og þá ekki síst í sögulegu tilliti. Aðskilnað kvað Haraldur svo vera margbrotinn m.a. vegna þeirra flóknu eignaskipta sem fram yrðu að fara en ekki síður vegna menningarlegs vanda sem aðskilnaður mundi skapa. Skýring hans á síðarnefnda atriðinu virðist aftur á móti óljós en um það sagði hann:

Kirkjan er svo nátengd öllu þjóðlífi, menningararfi, hverdagslegum viðhorfum, að ekki verður með einföldum hætti skorið á þessi tengsl án þess að komi til alvarlegs menningarlegs rofs. Nú er ekki þar með sagt, að aðskilnaður ríkis og kirkju þurfi að leiða til slíks menningarrofs, en þó verður að hafa hugfast, að sjálfur aðskilnaðurinn er það sem ég tel, að muni hafa mest áhrif á fólk, sjálf sú staðreynd, að ríkið styður ekki lengur kirkjuna sem stofnun, sem hefur verið tengd því um aldaðir. Kenningin og afstaða einstakra starfsmanna kirkjunnar, bæði geistlegra og eins þeirra, sem standa að einhverju leyti undir starfi innan safnaðanna, mundi fá nýja vídd.¹³¹

Eins og vikið hefur verið að litu ýmsir svo á í aðskilnaðarumræðunni að tengsl ríkis og kirkju væru beint eða óbeint leidd af tengslum kirkju og þjóðar. Sú var m.a. skoðun Sigurbjörns Einarssonar. Hér virðist Haraldur þvert á móti líta svo á að tengsl ríkis og kirkju séu frumlæg og að þjóðin muni endurskoða afstöðu sína til þjóðkirkjunnar verði breyting á stjórnskipunarlegri stöðu hennar. Virðist hann þar með ekki reikna með að hið margþætta félags- og menningarlega hlutverk sem hann taldi kirkjuna gegna hafi verulega mótað afstöðu þjóðarinnar til hennar eða styrkt tengsl kirkju og þjóðar. Haraldur taldi aðskilnað ekki aðeins skaða kirkjuna út á við, þ.e. í tengslum hennar við þjóðina og/eða samfélagið, heldur einnig inn á við:

¹²⁸ Haraldur Ólafsson, „Kristni og þjóðlíf: Staða kirkjunnar í íslensku nútímasamfélagi“, *Kirkjuritid* 4/1977, bls. 279–297, hér 281. Hér virðist H.Ó. raunar byggja hugmyndir sínar á þeim skilningi að meirihlutakirkjan á hverjum tíma sé þjóðkirkja burtséð frá réttarfarslegri stöðu hennar.

¹²⁹ Haraldur Ólafsson, „Kristni og þjóðlíf“, bls. 284

¹³⁰ Sama rit, bls. 281.

¹³¹ Sama rit, bls. 284.

Ég vil halda því fram, að aðskilnaður ríkis og kirkju, mundi veikja innri stöðu kirkjunnar, fjárhagslega, menningarlega og hvað snertir aðlögun meðlima hennar innan hennar. Kirkjan sem stofnun í nánum tengslum við ríkið er í eðli sínu allt önnur stofnun en sú, sem starfar óháð og án þess bakhjalls, sem ríkisvaldið er.¹³²

Þarna litaði Haraldur Ólafsson aðskilnaðinn dekkri litum en velflestir aðrir sem höfðu tjáð sig um breytinguna. Flestir höfðu litið svo á að aðskilnaður mundi ekki skaða kirkjuna í grundvallaratriðum. Margir höfðu jafnvel álitnið að aðskilnaður gæti eftt kirkjuna. Þótt ýmsir þeir sem mæltu með aðskilnaði kunni að hafa sett slíkt mat fram að lítt grunduðu máli og látið sér í léttu rúmi liggja hvort það ætti við rök að styðjast eða ekki var þó langt í frá algilt að svo væri. Undir lokaorð Haralds má þó vissulega taka að þjóðkirkja í sérstökum stjórnarskrárbundnum tengslum við ríkisvaldið er öðru vísi stofnun en frikirkja.

Mat Haralds Ólafssonar á margháttuðum félags- og menningarlegum hlutverkum kirkjunnar á við gild rök að styðjast þegar litið er til eldri tíma meðan innviðir samfélagsins voru fábreyttari en orðið hefur í seinni tíð. Á það má t.a.m. benda að fyrir 1907 voru kirkjan og fræðslukerfið nátengd.¹³³ Á sama hátt var kirkjan og velferðar- og/eða félagsmálkerfið samofið og svo mætti áfram telja. Með aukinni sundurgreiningu og sérhæfingu í samfélaginu varð á hinn bóginn mikil breyting í þessu efni. Um miðbik tuttugustu aldar var þeim sjónarmiðum enda fleygt að kirkjan gegndi þá aðeins hinu hefðbundna, trúarlega hlutverki sínu sem aðeins hluti þjóðarinnar væri auk þess fús til að nýta sér. Hugsanlega er þetta einmitt skýringin á því hve erfitt Haraldur virðist hafa átt með að tilgreina nákvæmlega í hverju hin félags- og menningarlegu áhrif kirkjunnar á áttunda áratug tuttugustu aldar voru fólgin, sem og hvers vegna hann setti tengslin við ríkið ofar sambandinu við þjóðina þegar hann reyndi að geta sér til um hvað mundi gerast við aðskilnað. Félags- og menningarleg greining hans á stöðu og hlutverki þjóðkirkjunnar virðist með öðrum orðum hafa skort sögulegt raunsæi.

Ályktanir — fyrri og síðari grein

Á „stuttu tuttugustu öldinni“ sem hér hefur verið fjallað um, þ.e. áttatíu ára tímabilinu frá 1915 til 1995, var aðskilnaður ríkis og kirkju töluvert til umræðu á almennum vettvangi. Málið kom einu sinni til kasta Alþingis snemma á tímabilinu (1919) í formi þingsályktunartillögu þar sem lagt var til að þingið skoraði á landstjórnina að hefja undirbúning að aðskilnaði að höfðu samráði við söfnuði landsins, héraðsfundi, biskup og guðfræðideild Háskóla Íslands í því skyni að gefa þjóðinni kost á að láta afstöðu sína til málsins í ljós. Tillagan náði ekki fram að ganga bæði vegna andstöðu við aðskilnaðinn sem og vegna þess að þjóðin hafði ekki látið í ljós eins eindreginn áhuga á málinu og verið hafði fyrir 1915. Eftir það má segja að umræðan hafi skotið upp kollinum allt tímabilið en þó með löngum hléum inni á milli. Tveir af þeim sjö biskupum sem þjónuðu á tímabilinu, Sigurbjörn Einarsson og Pétur Sigurgeirsson, sáu ástæðu til að hreyfa málinu í hirðisbréfum sínum sem komu út 1960 og 1986. Undir lok tímabilsins tók umræðan svo á sig formlega og félagslega mynd er tvenn samtök voru stofnuð sem höfðu aðskilnað á

¹³² Sama rit, s.st.

¹³³ Sjá Þórhallur Bjarnarson, „Nýársávarp til presta“, *Nýtt kirkjublað* 2/1909, bls. 17–20, hér 18.

stefnuskrá sinni, Siðmennt og SARK. Hvorug urðu að fjöldahreyfingum, SARK lögðu fljótt upp laupana en Siðmennt starfar enn og virkni samtakanna fer vaxandi. Því má líta svo á að alla „stuttu tuttugustu öldina“ hafi aðskilnaðarmálið verið óútkljáð deilu- eða þrætumál meðal þjóðarinnar. Ekki verður þó sagt að það hafi verið heitt átakamál.

Á fyrsta skeiði umræðunnar, eða til 1915, var aðskilnaðarumræðan bæði lífleg og markviss. Ýmsir þræðir hennar voru spunnir í fjölda blaða og tímarita hér á landi og jafnvel vestanhafs uns fram komu mörkuð sjónarmið og baráttumál auk þess sem afmörkuð „praktísk“ mál sem tengdust aðskilnaði voru rædd í þaula. Má þar nefna fjárhagslegan aðskilnað, einkum hvað verða ætti um fornar kirknaeignir, sem og verkaskiptingu ríkis og kirkju eftir aðskilnað. Var þar um mikilvægt mál að ræða framan af tímabilinu og þá ekki síst fyrir 1907 er málefni almenningsfræðslunnar voru greind frá kirkjumálunum. Mikil straumhvörf urðu í umræðunni með stjórnarskrárbreytingunni 1915. Kraft dró úr henni. Hún eða einstakir þræðir hennar spunnust ekki lengur í meiri eða minni samfellu heldur skaut henni oftast upp í einstökum greinum eða fréttum og var hún því ekki eins markviss og áður. Oft leið líka langt milli skrifa um málefnið. Ýmist var tjáð jákvæð eða neikvæð afstaða til aðskilnaðar og hún studd ólíkum og mistraustum rökum. Vissulega var stundum vikið að afmörkuðum úrlausnarefnum sem tengdust aðskilnaði þótt sjaldnast væru þau rædd til hlítar, ólíkt því sem verið hafði fyrir 1915. Breytingin sem varð á framvindu umræðunnar bendir því til að með áðurnefndum stjórnarskrárbreytingum hafi fyrst um sinn verið komið nægilega til móts við baráttumál þeirra sem fylgdu aðskilnaðarleiðinni eins og þau voru á öðrum áratug tuttugustu aldar en þau voru einkum tvö: að losa um þjóðkirkjuákvæði stjórnarskrárinnar og styrkja trúfrelsið í landinu með því að enginn væri skyldur til að greiða persónuleg gjöld til trúariðkunar sem viðkomandi aðhylltist ekki. Þrátt fyrir að stundum gætti töluverðrar óþolinmæði í umræðunni á „stuttu tuttugustu öldinni“ og sumir teldu aðskilnað ekki þola langa bið álitu samt flestir að málið þyrfti vandaðs undirbúnings við og að lokatakmarki yrði ekki náð í einni svipan. Nokkrar undantekningar voru þó frá því.

Á tímabilinu snerist aðskilnaðarumræðan oftast ekki um tengsl ríkis og kirkju í þröngum skilningi heldur hverfðist hún frekar um allan trúmálabálk stjórnarskrárinnar, þ.e. VI. kafla hennar (gr. 62.–64.) sem fjallar um þjóðkirkjuskipanina og trúfrelsið. Snerist umræðan oftast en ekki um hvort þessi tvö trúarpólítísku stefnumið væru raunverulega samræmanleg eða hvort þjóðkirkjuákvæðið, sem áskildi evangelísk-lúthersku þjóðkirkjunni sérstakan stuðning og vernd ríkisvaldsins umfram aðrar kirkjur og trúfélög, gerði trúfrelsisgreinarnar tvær merkingarlausar í framkvæmd. Þær fólu annars vegar í sér frelsi til trúariðkunar (63. gr.) fremur en frelsi frá trúarlegum áreitum (sjá þó 2. mgr. 64. gr.) og hins vegar bann við mismunun vegna trúar (1. mgr. 64. gr.).

Þegar á fyrsta skeiði aðskilnaðarumræðunnar (1878–1915) höfðu tvær meginstefnur komið fram. Önnur var aðskilnaðarleiðin en þeir sem fylgdu henni litu svo á að trúfrelsi og trúarlegur jöfnuður næðist ekki nema með aðskilnaði ríkis og kirkju. Ef aðskilnaðarmenn á annað borð tjáðu sig um hagsmuni þjóðkirkjunnar hölluðust þeir oftast að því að hún mundi ekki öðlast nauðsynlegt frelsi og sjálfstæði gagnvart veraldlegu, trúarlega hlutlausu og óháðu ríkisvaldi, sem þar að auki væri e.t.v.

áhugalaust um trú- og kirkjumál, nema með aðskilnaði. Hin stefnan var löggjafarleiðin sem fól í sér að stefnumið stjórnarskrárinnar í trúarpólitík, þjóðkirkjuskipan og trúfrelsi, væri þrátt allt samræmanleg og þessum stefnumiðum væri unnt að ná með sérlögum sem annars vegar kvæðu á um stöðu, skipulag, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar en hins vegar um rétt utanþjóðkirkjufólks og trúfélaga þess. Þessar átakalínur héldust út „stuttu tuttugustu öldina“.

Í grein sem birtist í síðasta hefti þessarar ritraðar var leitast við að greina rök sem færð voru fyrir aðskilnaði en rök gegn honum í þessari grein. Svo virðist sem fjölbreyttari rök hafi verið færð fyrir aðskilnaði. Stafar það að hluta til af því að fylgis við aðskilnað gætti bæði meðal þeirra sem voru gagnrýnir í garð kirkjunnar og hinna sem voru henni hlynntir eða fylgjandi. Sjaldgæfara var að þeir sem voru andstæðir kirkjunni mæltu móti aðskilnaði. Þó kom það fyrir og þá einkum vegna þess að menn álitu að kirkjan mundi verða virkari, meðvitadri og stefnufastari — hugsanlega einnig ofstækisfyllri — við aðskilnað og að það væri ekki af hinu góða.

Sum rökin sem færð voru með aðskilnaði voru af guðfræðilegum og trúarlegum toga. Framan af var bent á að með tilkomu frjálslyndu guðfræðinnar og eftirlátssemi bæði þjóðkirkjunnarforustunnar og guðfræðideildar Háskólans við hana væri kominn fram klofningur í þjóðkirkjunni þar sem tækjust á tvær algerlega andstæðar fylkingar. Vissulega greindi menn á um hvort nýja guðfræðin mundi efla eða draga úr trúaráhuga meðal landsmanna. Fylgjendur hefðbundinnar túlkunar á lútherskum trúarkenningum litu á hinn bóginn svo á að þar sem þjóðkirkjan væri samkvæmt stjórnarskránni bundin við evangelísk-lútherskan játningargrundvöll ætti frjálslynd guðfræði og fleiri nýjungar á trúarlega sviðinu, einkum guðspeki og spíritismi, ekki heima innan hennar. Ef stjórnvöld og forustumenn kirkjunnar brygðust ekki við klofningnum töldu þeir að best væri að skilja að ríki og kirkju og að hver fylkingin færi sína leið í framtíðinni. Þetta væri best að gera sem fyrst, áður en frjálslynda guðfræðin væri búin að ná enn meiri ítökum en þegar væri. Hinir íhaldssömu litu svo á að frjálslyndi armurinn hlyti að fagna slíkri breytingu þar eð hann yrði þá laus undan öllum kreddum kirkjunnar og öðlaðist fullt kenningarfrelsi sem þeir frjálslyndu kölluðu mjög eftir.

Síðar tók meira að bera á því sjónarmiði að tengsl ríkis og kirkju heftu frelsi þjóðkirkjunnar til boðunar og jafnvel einnig á sviði velferðarmála (*diakóníu*). Var þá gjarna litið til þess hlutverks kirkjunnar að vera gagnrýnið félagslegt afl sem jafnvel myndaði aðhald gagnvart stjórnvöldum. Það hlyti að draga bæði úr trúverðugleika og slagkrafti kirkjunnar á því sviði ef hún væri áfram í svo nánnum tengslum við ríkisvaldið sem raun væri á um þjóðkirkjuna.

Þá voru færð samkirkjuleg rök með aðskilnaði. Þau fólust í að þjóðkirkjan yrði að hafa nægilegt svigrúm til að sýna öll „kennimörk“ kristinnar kirkju og verða þar með trúfélag meðal trúfélaga. Þá væri eðlilegt að trúfélög störfuðu sem mest á jafnréttisgrundvelli þótt þau væru vissulega misfjölmenn.

Flestir sem mæltu fyrir aðskilnaði — og á annað borð viku að hagsmunum kirkjunnar — litu svo á að aðskilnaður frá ríkisvaldinu mundi kalla fram hreinni og öflugri kirkju sem jafnframt væri laus undan því að hafa innan sinna vébanda stóran hóp áhugalítilla eða áhugalausra félaga en það væri kirkjunni til vansa. Litu þeir svo á að aukinn sjálfsákvörðunarréttur einstaklinga í trúarefnum, sem og full ábyrgð þeirra á rekstri og stjórn eigin trúfélags, væri virkasta leiðin til að efla og styrkja

trúarlífið í landinu. Sumir litu vissulega svo á að í kjölfar aðskilnaðar kynni að koma upplausnarskeið er margir sneru baki við kirkjunni sem þó mundi ganga yfir. Stundum kann málf lutningur af þessu tagi vissulega að hafa verið „retórísk“ skynrök til að vinna fólk til fylgis við aðskilnað. Sú var þó sannarlega ekki alltaf raunin.

Margir urðu til að mæla fyrir aðskilnaði á grundvelli mannréttindaraka. Þeir sem lengst gengu í þá átt litu svo á að þjóðkirkjufyrirkomulagið sem slíkt gerði stjórnarskrárvarið trúfrelsi landsmanna í raun að engu. Bentu þeir á að þrátt fyrir að enginn væri vissulega skyldugur til að tilheyra þjóðkirkjunni og allir gætu „seremóníulítið“ gengið úr henni væru börn eigi að síður skráð sjálfkrafa í hana þegar við fæðingu og síðan aðeins upprædd um evangelísk-lútherska trúartúlkun í skólum landsins en ekki önnur trúarbrögð. Þetta skapaði þjóðkirkjunni mikið forskot til að hafa áhrif á þjóðina umfram öll önnur trúfélög og pólitíska flokka. Dæmi voru um að menn mæltu með aðskilnaði einmitt af þessari ástæðu. Þá var bent á að þjóðkirkjan nyti margháttads beins og óbeins stuðnings af hálfu ríkisvaldsins sem léti háar fjárhæðir af hendi rakna af almennu skattfé starfi hennar til eflingar. Þannig tækju allir landsmenn óbeinan þátt í að kosta starf þjóðkirkjunnar óháð aðild, trúarskoðunum og trúaráhuga. Allt leiddi þetta til augljósrar mismununar milli þjóðkirkjunnar og annarra trúfélaga, sem og mismununar gagnvart þeim einstaklingum er stæðu utan allra trúfélaga. Þeir þyrftu t.a.m. af þeim ástæðum einum að gjalda meira en aðrir til einnar opinberrar stofnunar, Háskóla Íslands, sem þeir nytu þó í engu umfram aðra. Greindi menn á um hvort þar væri um að ræða brot á mannréttindum eða hugsanlega „þjóðarsátt um friðhelgi“ þeirra trúfélaga í landinu sem nytu góðs af sóknargjöldum.

Árið 1915 hafði það áunnist að fólk var ekki lengur skylt að greiða bein, persónuleg gjöld til trúfélags sem það tilheyrði ekki. Þar með varð allt utanþjóðkirkjufólk gjaldfrjálst gagnvart henni. Sú breyting batt þó ekki enda á þennan þátt aðskilnaðar- umræðunnar heldur myndaðist ný áttakalína sem fól í sér að enginn ætti heldur að vera skyldur til að taka óbeint þátt í að fjármagna trúarlega starfsemi sem hann eða hún tæki ekki þátt í eða samsamaði sig með. Umræðan um réttmæti þess að reka þjóðkirkjuna að einhverju leyti af almannafé hélt því áfram alla „stuttu tuttugustu öldina“ ýmist á grundvelli mannréttindaraka eða á hreinum fjárhagslegum grunni. Í síðarnefnda samhenginu var því haldið fram að slíta ætti sambandi ríkis og kirkju af hreinum sparnaðarsjónarmiðum. Stundum var skoðunum af þessu tagi haldið fram á grundvelli augljósrar trúarbragða- eða kirkjugagnrýni. Svo var þó ekki alltaf.

Almennt litu þeir sem aðhylltust aðskilnað vegna mannréttindasjónarmiða eða af fjárhagsástæðum svo á eðlilegast væri að hver söfnuður launaði prest sinn, ræki kirkju sína og stæði á annan hátt straum af kirkjustarfinu. Því sjónarmiði var jafnvel haldið fram, líkt og á tímabilinu á undan (1878–1915), að ríkið hefði orðið hinn rétti eigandi fornra kirknaeigna við síðaskiptin. Það hefði síðan léð kirkjunni í landinu hluta þeirra eða varið afrakstrinum af þeim á annan hátt henni til styrktar og eflingar. Þeir sem litu þannig á töldu því eðlilegast að við aðskilnað rynnu eignirnar að nýju til ríkisins. Þá greindi síðan á um hversu mikinn stuðning, ef einhvern, ríkisvaldinu bæri að veita söfnuðunum eftir aðskilnað, hvort þeir ættu að fá kirkjubyggingarnar til áframhaldandi umráða og jafnvel njóta fornra kirknaeigna í einhverjum ríkari mæli. Þess skal getið að af hálfu ríkisvaldsins var aldrei litið svo á að það ætti tilkall til kirknaeignanna án gagngjalds (sjá aftar).

Þeir sem mæltu með aðskilnaði á grundvelli „veralldlegra“ raka, þ.e. af mannréttinda- eða fjárhagsástæðum, vildu almennt að farin væri svipuð leið og í Frakklandi, þ.e. að trúmálin yrðu alfarið gerð að einkaréttarlegu málefni þar sem einstaklingnum væri búið sem mest frelsi á trúarlega sviðinu og öll tengsl milli þess og hins opinbera yrðu rofin. Þá álitu flestir eðlilegt að þetta yrði gert eftir lagaleiðinni, þ.e. að samband ríkis og kirkju yrði rofið með lögum sem næðu til allra safnaða landsins. Ennfremur töldu flestir að eftir aðskilnað tæki hér við „allsherjarfríkirkja“ sem næði til landsins alls. Í umræðunni gætti þó oft tilhneigingar til að ræða frekar um starf einstakra safnaða í framtíðinni en samfellda fríkirkju. Líklega stafaði það fremur af því að fæstir hafi hugleitt þessi mál í þaula en að menn hafi aðhyllst „kongregasjónalísk“ sjónarmið sem fólu í sér að eftir aðskilnað skyldu einvörðungu óháðir söfnuðir starfa í landinu.

Rökin sem færð voru gegn aðskilnaði voru fábreyttari og mörg af „praktískum“ toga. Algengast var að litið væri svo á að aðskilnaður mundi draga úr möguleikum þjóðkirkjunnar að rækja hefðbundið hlutverk sitt meðal þjóðarinnar a.m.k. í fámönnum byggðum. Einnig var litið svo á að við aðskilnað yrði kirkjan mun verr í stakk búin en áður til að gegna margháttuðu félagslegu hlutverki sínu í samfélaginu og að snertiflötur hennar í því efni mundi þrengjast. Samkvæmt þessu sjónarhorni virðist ekki hafa verið litið svo á að óvirkir og áhugalausir félagar í kirkjunni drægju úr trúverðugleika hennar og styrk. Þvert á móti virðast menn hafa talið þá augljósan markhóp fyrir sóknarstarf í kirkjunni og litið svo á að ríkistengslin gerðu kirkjunni auðveldara fyrir að nálgast hann. Sérstaklega var þá bent á að ríkistengslin væru mikilvæg til að tryggja áfram kristna fræðslu á evangelísk-lútherskum grunni í skólum landsins. Var í þessu sambandi mjög horft til trúarlegrar samstöðu þjóðarinnar innan einnar stórrar kirkju bæði í sögu og samtíð. Minna virðist þá hafa verið hugað að mannréttindum minnihlutans sem ekki fylgdi þjóðkirkjunni að málum.

Dæmi voru samt um að mælt væri gegn aðskilnaði af „prinsípástæðum“. Í því sambandi var t.d. bent var á að kristindómurinn væri ein helsta vörn vestrænnar menningar gegn þeirri ógn sem stafaði af kommúnismanum í kalda stríðinu. Þá var bent á að hér á landi hefði kirkjan verið einn helsti aflgjafinn í andlegri menningu þjóðarinnar og að prestar hennar hefðu gegnt fjölpættu hlutverki á því sviði. Ennfremur var bent á að aðskilnaður ríkis og kirkju mundi hleypa af stað trúarlegu upplausnarástandi sem ofstækisfullir sértrúarsöfnuðir, kostaðir af erlendu fé, mundu nýta sér til framdráttar. Líkist það sjónarmið mjög þeirri röksemdafærslu sem nú er beitt gegn starfi múslima í landinu. Loks höfnuðu sumir aðskilnaði vegna vegna þess að alltaf hlytu einhver tengsl að vera milli kirkju og ríkis hvar sem hún starfaði. Þau þyrftu að vera með skipulegum hætti, byggð á lögum og hvíla á sögu, hefð og reynslu í landinu sjálfu. Aðskilnaður vær því ekki eftirsóknarverður hér þar sem þjóðin væri trúarlega samstæð og væri nánast öll innan vébanda lúthersku kirkjunnar.

Þeir sem mæltu gegn aðskilnaði höfnuðu því almennt að umtalsverð spenna væri milli trúfrelsis og þjóðkirkjuskipanar eða að þjóðkirkjuskipanin skerti mannréttindi og leiddi til ómálefnaleggrar mismununar. Þá skýrðu þeir fjárhagslega sérstöðu þjóðkirkjunnar með skírskotun til samkomulagsins er gert var 1907 er ríkið tók við yfirráðarétti yfir fornum kirknaeignum gegn því að ábyrgjast launagreiðslur presta. Það fyrirkomulag var útfært frekar með samkomulagi ríkis og kirkju eftir lok tímabilsins

sem hér um ræðir (1997–1998 og að nýju 2019). Þar með hafnaði ríkið fyrir sitt leyti þeirri túlkun að það hefði orðið hinn rétti eigandi kirknaeignanna á sextánda öld. Samkvæmt samkomulaginu var þvert á móti litið svo á að það hefði orðið eigandi þeirra í lok tuttugustu aldar og þá gegn umsömdu gagngjaldi. Hér skal á það bent að um þennan anga aðskilnaðarumræðunnar gegnir sérstöku máli þar sem eignarréttarleg sjónarmið koma þar til álita en ekki einvörðungu trúarréttarleg eða trúarpólitísk.

Þegar dýpst er skoðað valt afstaða manna með eða á móti aðskilnaði fyrst og fremst á því að fylgjendur aðskilnaðar litu svo á að trú væri einkamál hvers og eins, persónuleg vé hans eða hennar, sem ríkisvaldinu bæri að láta afskiptalaus og varast að axla nokkra ábyrgð á, hvort sem hún væri af fjárhagslegum toga eða öðrum. Því bæri að rjúfa samband ríkis og kirkju og gera stofnunum tveimur þar með kleift að rækja ólík hlutverk sín sem mest á eigin forsendum. Andstæðingar aðskilnaðar litu á hinn bóginn almennt svo á að það væri bæði einstaklingunum og samfélagsheildinni fyrir bestu að kirkjan nyti sem bestrar aðstöðu til að rækja hlutverk sitt meðal þjóðarinnar. Starfi hennar væri aftur á móti stefnt í tvísýnu með aðskilnaði sem leitt gæti til sambandsleysis kirkjunnar við mikinn hluta landsmanna og trúarlegrar upplausnar í samfélaginu. Augljóst virðist því að andstaðan við aðskilnað á „stuttu tuttugustu öldinni“ hafi oftast verið á trúarlegum nótum. Svo var þó ekki alltaf þar sem sumir litu frekar til hinna félags- og menningarlegu hlutverka kirkjunnar en hinna trúarlegu í þrengsta skilningi.

Að baki þessum tveimur andstæðu skoðunum um áframhaldandi tengsl ríkis og kirkju bjó mismunandi kirkjuskilningur. Þeir sem aðhylltust aðskilnað litu fyrst og fremst á þjóðkirkjuna sem trúfélag meðal annarra trúfélaga eða sem eina af stofnunum ríkisins. Fyrri hópurinn áleit að þjóðkirkjan ætti að starfa sem mest á sama grunni og önnur trúfélög og ekki stæðu rök til þess að ríkið gerði betur við hana en aðrar kirkjur. Þá hölludust þeir flestir að því að það mundi gera kirkjunni gott að vera sjálfstæð og ábyrg fyrir eigin rekstri. Sá síðari taldi aftur á móti að kirkjan væri hætt að gegna öðrum hlutverkum en hinu trúarlega. Ríkið ætti því að hætta að koma að rekstri hennar og spara sér þannig þau útgjöld sem varið væri til kirkjumála. Andstæðingar aðskilnaðar gengu út frá annars konar kirkjuskilningi. Þeir litu svo á að hér hefði verið „þjóðkirkja í þúsund ár“, þ.e. ein stór kirkja er þjónað hefði þjóðinni í blíðu og stríðu og eflt hana í sókn til velferðar og framfara burtséð frá játningargrunni sínum eða stjórnskipulegri stöðu. Virðast þeir almennt hafa talið málstað kirkjunnar svo góðan að verjanlegt væri að ætlast til að starf hennar væri kostað af almannafé og kirkjunni veittur ýmiss stuðningur þrátt fyrir að þjóðin í heild ætti ekki lengur sömu samstöðu með henni og verið hafði fyrr á tíð. Samkvæmt veraldlegri útgáfu þessa sjónarmiðs var að litið á þjóðkirkjuna sem „þjóðstofnun“, þ.e. félags- og menningarstofnun sem þjóðin hefði notið lengst af sögu sinnar og henni bæri því að leggja rækt við af sögulegum og menningarlegum ástæðum þótt trúarleg eining í samfélaginu væri vissulega tekin að rofna. Þeir sem aðhylltust aðskilnað af „veraldlegum“ ástæðum, þ.e. vegna mannréttinda eða fjármála, litu sjaldan til þessara „mjúku“ sögulegu og menningarlegu raka. Þeir sem lögðust gegn aðskilnaði horfðust á hinn bóginn fæstir í augu við að sérhæfing og sundurgreining í samfélaginu hafði valdið því að þjóðkirkjan var að mestu hætt að gegna formlegum hlutverkum á öðru sviði en hinu kirkju- og/eða trúarlega í

þröngum skilningi. Þeir horfðust því tæplega af nægilegri festu í augu við hin „raunsæislegu“ rök aðskilnaðarmannanna.

Af umræðum um aðskilnað ríkis og kirkju á „stuttu tuttugustu öldinni“ má þó fyrst og fremst ráða að átakalínur voru síbreytilegar og að stefnumið manna breyttust með tímanum. Hvað gleggst kom þetta í ljós þegar rætt var um hvort verjandi væri að nota almennt skattfé til að kosta kirkjustarf. Í því efni þótti framan af ásættanlegt að utanþjóðkirkjufólk greiddi óbein gjöld til hennar. Síðar var gengið lengra í því efni og hin óbeinu gjöld einnig gagnrýnd. Sýnir þetta að skilgreiningar og viðmið í umræðunni um aðskilnað ríkis og kirkju eru breytingum háð, sem og að aðskilnaðurinn sjálfur er fremur ferli en aðgerð sem gerð verði í eitt skipti fyrir öll. Hér á landi er slíkt aðskilnaðarferli raunar hafið og stofnunarleg aðgreining þjóðkirkjunnar og ríkisvaldsins hefur náð verulega fram að ganga. Á hinn bóginn hefur ekki verið útkljáð hvort haldið skuli áfram að þróa samband ríkis og þjóðkirkju á grundvelli löggjafarleiðarinnar líkt og lagt var upp með í byrjun tuttugustu aldar eða hvort tuttugasta og fyrsta öldin krefjist að skipt verði um spor og tekið að vinna að aðskilnaði — eða a.m.k. róttækri tengslabreytingu. Vera má að skammt sé í að til tíðinda dragi í því efni á grundvelli fram kominnar þingsályktunartillögu um að stefnt skuli að fullum lagalegum og fjárhagslegum aðskilnaði ríkis og kirkju fyrir árslok 2034 (sjá fyrri grein).